

SKÍÐABLAÐIÐ

BLAÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA 2019



Páskahelgin í Bolungarvík

Njóttu hennar
með okkur!

Miðvikudagur

06:00-21:00 Musteri vatns og vellíðunar

Skírdagur

10:00-18:00 Musteri vatns og vellíðunar

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

11:00-12:00 Ferming í Hólskirkju

13:00-16:00 Páskaleikur í Náttúrugripasafni, þrautaleikur fyrir börn á aldrinum 0-14 ára

18:00-20:00 Opnun sýningar Önnu Ingimars ljósmyndara í Ráðhússal

19:00-01:00 Kótilettukvöld í Einarshúsi og opnun endurbættis Kjallara, borðapantanir

Föstudagurinn langi

10:00-18:00 Musteri vatns og vellíðunar

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

11:00-12:00 Píslarsaga Jesú Krists á Hjúkrunarheimilinu Bergi

16:00-18:00 Tónleikar í Musterinu

17:00-20:00 Anna Ingimars ljósmyndari sýnir í Ráðhússal

19:00-21:00 Siginn bítungur, selspik og saltfiskur í Einarshúsi að hætti Dána Kálfs, borðapantanir

Laugardagur

10:00-18:00 Musteri vatns og vellíðunar

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

11:30-14:00 Páska-brunch á Víkurskálanum

13:00-16:00 Páskaleikur í Náttúrugripasafni, þrautaleikur fyrir börn á aldrinum 0-14 ára

17:00-20:00 Anna Ingimars ljósmyndari sýnir í Ráðhússal

19:00-21:00 Fiskihlaðborð í Einarshúsi, borðapantanir

Páskadagur

10:00-18:00 Musteri vatns og vellíðunar

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

11:00-12:00 Hátíðarmessa í Hólskirkju

11:30-14:00 Páska-brunch á Víkurskálanum

17:00-20:00 Anna Ingimars ljósmyndari sýnir í Ráðhússal

19:00-21:00 Fiskihlaðborð í Einarshúsi, borðapantanir

Annar í páskum

10:00-18:00 Musteri vatns og vellíðunar

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

Verslun og þjónusta

Bjarnabúð

Opið skírdag 10:00-18:00, föstudaginn langa 12:00-18:00, laugardag 10:00-18:00, páskadag 12:00-18:00 og annan í páskum 12:00-16:00

Drymla

Opið alla daga um páska frá 13:00-17:00

nema lokað á föstudaginn langa

Dýradekur Vestfjarða

Opið alla daga um páska 08:00-24:00

Dýrarikið Bolungarvík

Opið skírdag, föstudaginn langa og laugardag 13:00-18:00

Einarshúsið

Opið 18:00-21:00 alla daga um páska




Páskaleikur

Tónleikar

Sýningar



Píslarsagan



Kótilettur



Bítungur



Fiskihlaðborð

Brunch

Kjörbúðin

Opið skírdag 12:00-18:00, föstudaginn langa lokað, laugardag 10:00-18:00, páskadag lokað og annan í páskum 12:00-18:00

Víkurskálinn

Opið 10:00-22:00
alla daga um páska



Áætlunarferðir 893 8355 bolungarvik.is/aaetlun

Virka daga, fargjald 500 kr.

Ísa-Ból 07:15, 12:30, 14:15, 15:45 og 18:00

Ból-Ísa 07:40, 13:00, 14:30, 16:30 og 18:30

Auk þess fer flugrúta í öll flug



BOLUNGARVÍK



Gleðilega Páska og skemmtilega Skíðaviku!

Díana Jóhannsdóttir, formaður Skíðafélags Ísfirðinga

Nú er tæpt ár síðan ég tók við sem formaður Skíðafélagsins, þetta ár hefur verið viðburðarríkt en einnig mjög fljótt að líða. Af því tilefni fór ég að hugsa til baka og rifja upp hvað það var sem heillaði mig við þessa íþrótt.

Sjálf æfði ég skíði á Akureyri þegar ég var barn en eins og svo margir aðrir þá lagði ég skíðin á hilluna við unglingsaldurinn. Ég tók hins vegar skrefið til fulls, seldi skíðin mín og fór ekki aftur á skíði fyrr en á fullorðinsaldri.

Það var ekki fyrr en við vorum flutt til Ísafjarðar og dóttir okkar varð þriggja ára að við gáfum henni skíði í jólagjöf en við sama tækifæri fékk ég einnig ný skíði.

Fjölskyldan fór þá saman á skíði og það var ekki aftur snúið, dóttir okkar söng af gleði meðan hún lærði að skíða og við

uppgötvuðum hvað skíðaíþróttin getur verið frábær fjölskylduskemmtun. Það má nefnilega ekki gleymast í æfingum og keppnum að þetta snýst ekki síst um skemmtun og ekki er verra þegar að fjölskyldurnar ná að taka þátt í þessari skemmtun saman.

Við heyrum stöðugt af því að foreldrar eyði sífellt minni og minni tíma með börnunum sínum og ekki sé nóg lagt upp í samveru fjölskyldunnar. Þá er ótrúlega verðmætt að eiga sameiginlegt áhugamál og ekki er verra þegar það er jafn aðgengilegt og raun ber vitni hérna á Ísafirði. Það eru ótrúleg lífsgæði að geta klárað vinnu, sótt krakkana í skóla og verið komin upp á skíðasvæði á innan við hálf tíma.

Þessi lífsgæði sem um ræðir kristallast síðan í Skíðavíkinni, páskum á Ísafirði og Aldrei fór ég Suður sem allt eru viðburðir þar sem horft er til þess að fjölskyldur geti skemmt sér saman. Ég ætla því að vona að þið nýtið tækifærið og skemmtið ykkur vel!

Skíðablaðið 2019

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga

Ritnefnd: Jóhanna Oddsdóttir, Sigríður L. Sigurðardóttir, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Heimír Hansson, Díana Jóhannsdóttir.

Auglýsingar: Jóhanna Oddsdóttir.

Ljósmynd á forsíðu: Birna Sigurðardóttir

Umbrot: GBG

Prentun: Pixel ehf.

Ljósmyndir: Greinarhöfundar, ritnefnd o.fl.

Stjórn SFÍ:

Díana Jóhannsdóttir, formaður
Sigríður Sigurðardóttir, gjaldkeri
Sif Huld Albertsdóttir, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og Helgi Karl Guðmundsson, meðstjórnendur

Heimasíða: www.snjor.is



Skíðavíkustjóri:

Thelma Rut Jóhannsdóttir
Heimasíða: www.skidavikan.is



EYOF 2019
Sarajevo & East Sarajevo

VETRARÓLYMPIÚHÁTÍÐ EVROPUÆSKUNNAR

EYOF 2019 – 9.-15. FEBRÚAR 2019

Annað hvert ár standa Alþjóðlega Ólympíunefndin og Ólympíunefndir Evrópuþjóðanna að gríðarstórum íþróttahátíðum fyrir ungt fólk á aldrinum 14-18 ára. Haldnar eru bæði sumar- og vetrarhátíðir og mæta til leiks þátttakendur frá um 50 þjóðlöndum, alls ríflega fimm þúsund íþróttamenn og -konur. Skiptingin á milli hátíðanna er þannig að um 3.600 keppa á sumarhátíðinni og um 1.600 á vetrarhátíðinni.

Nú í ár var vetrarhátíðin haldin í fjórtánda sinn og fór hún að þessu sinni fram í Bosníu-Hersegóvínu, nánar tiltekið í Sarajevó og Austur-Sarajevó. Þar um slóðir þekkir fólk vel til vetrariþróttana en árið 1984 voru sjálfir Vetrarólympíuleikarnir haldnir í Sarajevó, sem þá var í Júgóslavíu. Á meðal keppenda á þeim leikum voru Ísfirðingarnir Einar Ólafsson og Guðmundur Jóhannsson.

Í ár fékk Sarajevó, ásamt Austur-Sarajevó, hins vegar það hlutverk að taka á móti framtíðar stjörnum vetrariþróttanna á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Í þeim hópi var friður flokkur Íslendinga, en alls sendi Ísland 12 keppendur til leiks. Af þeim kepptu þrír í alpagreinum, fjórir á snjóbrettum, einn á skautum og fjórir í skídagöngu. Við Ísfirðingar áttum tvo fulltrúa á þessari stóru hátíð, þau Jakob Danielsson og Kolfinnu Írisi Rúnarsdóttur, en þau kepptu bæði í skídagöngu. Skíðablaðið bað þau um að segja stuttlega frá þátttöku sinni á hátíðinni.


Í febrúar fórum við á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands til Sarajevó og Austur-Sarajevó í Bosníu-Hersegóvínu til að keppa á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Við erum bæði í



Íslenski hópurinn ásamt fararstjórum og þjálfurum. Jakob og Kolfinna Íris eru í neðstu röð, Jakob fremstur til vinstri og Kolfinna er fyrir miðri mynd.

skóla í Noregi þannig að við ferðuðumst ekki með íslenska hópnum frá Keflavík heldur flugum frá Noregi til Helsinki og gistum þar eina nótt. Næsta dag hittum við svo íslenska hópinn og flugum ásamt keppendum frá Finnlandi og Eistlandi til Sarajevó.

Við fórum með mjög flottum og skemmtilegum hópi af keppendum, þjálfurum og fararstjórum. Fyrsti dagurinn fór í það að skoða brautirnar og testa skíði. Við komumst fljótt að því að brautirnar voru mjög erfiðar og að hér væri enginn að grínast með að hafa það vont. Við komumst líka fljótt að því að maturinn var ekki góður og væri líklegast ekki að fara að verða betri. Um kvöldið var mótið sett og þótti okkur setningarhátíðin alveg ótrúleg upplifun. Þetta var í raun mjög svipað setningunni á Andrésar andarleikunum, fyrir þá sem þekkja hana, nema að allt var miklu stærra. Það sátu um 15.000 manns í stúkunni og óskruðu þegar við gengum inn á leikvanginn. Svo tóku við geggjuð flugeldasýning




Opnunarhátíðin var eiginlega svipuð og á Andrésar andarleikunum nema bara nokkrum númerum stærra.

og frábær skemmtiatriði. Þó svo að við skildum ekki neitt í bosnisku forsetunum (já þeir eru þrír og héldu allir ræðu) þá skemmtu sér allir konunglega.

Keppnisdagarnir voru allir frekar



Skíðagönguhópurinn; Egill Bjarni, Kolfinna Íris, Fanney Rún og Jakob.



líkir: vakna, borða, keppa, borða, sofa, borða, sofa. Við fengum einn hvíldardag á milli keppna og hann var nýttur mjög vel. Kóköpöffs og pönnukökur í morgunmat, keila í hádeginu og svo fórum við í bæinn að hvetja íslensku skautastelpuna okkar áfram. Síðasti keppnisdagurinn var sérstaklega skemmtilegur. Við kepptum sem eitt lið í boðgöngu, ásamt Agli Bjarna Gíslasyni og Fanneyju Rún Stefánsdóttur. Þar sem allir aðrir voru búnir með sína keppnisdaga kom allur íslenski hópurinn að hvetja okkur áfram, eða allavega flestir í hópnum, brettastrákarnir fóru á McDonald's.

Á stórmótum eins og þessum eru öll lið með sinn einkennisfatnað; úlpur, peysur, buxur, húfur, hanska o.s.frv. Síðasta kvöldið, þegar mótinu hefur verið slitið, er mikið um að keppendur skiptist á fatnaði, svona eins og þegar fótboltamenn skiptast á treyjum eftir leiki, nema á miklu stærri



Kolfinna Íris ákveðin í fyrsta spretti í boðgöngunni.

skala. Þótt sumir vilji halda fast í sinn fatnað þá vilja flestir skipta, þannig að maður getur t.d. eignast úlpuna frá Ítalíu, hanskana frá Svíþjóð o.s.frv. Þetta er skemmtilegur siður og við vorum mjög ánægð með þetta því Ísland



Jakob í skautakeppinni.



Líney Rut framkvæmdastjóri ÍSí, Mundína sjúkrapjálfari, Jakob, Egill Bjarni, Kolfinna Íris og Fanney Rún.



Hópurinn hlóð í rándýra eldri borgara sjálfu með Örvari yfirfararstjóra.

var alls ekki með flottustu fötin á svæðinu.

Við fórum heim mjög þreytt en mjög ánægð eftir frábæra upplifun sem mun seint gleymast.

Eins og fram kom í byrjun fer Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fram annað hvert ár. Næsta vetrarhátíð verður haldin í Vuokatti í Finnlandi dagana 6.-13. febrúar 2021. **Allir út að æfa!**

MADSHUS

Byltingarkennd tækni

Redline IntelliGrip®

MADSHUS gönguskíði, skór og stafir.



BLIZ
ACTIVE EYEWEAR

CraftSport

Austurvegi 2, Ísafirði | 456 3110



Skyndiverslun 66°Norður
á Aldrei fór ég suður!

20-50% afsláttur í skyndiverslun okkar

Aðalstræti 24 við hliðina á Gamla Bakaríinu á Ísafirði í tilefni
Aldrei fór ég suður hátíðarinnar.

Opnunartími:

18.-20. apríl frá 11-18

Frí heimsending á 66north.is

Sólveig María og Otti

BRETTADJÁLFARAR SFÍ

Við komum bæði að norðan, Sólveig frá Akureyri og Otti úr Hörgársveit. Við höfum verið að þjálfa snjóbrettakrakka hjá SKA í 3-4 ár. Við vorum búin að hugsa um að flytja vestur í nokkurn tíma og ákváðum svo að láta loksins verða af því í haust. Sólveig fór í Lýðháskólann á Flateyri og Otti sem er menntaður mjólkurfræðingur byrjaði að vinna hjá Örnú Mjólkurvörurum við að þróa og framleiða osta.

Fljótlega eftir flutningana vestur komumst við að því að okkur fylgir lítill laumufarþegi sem er von á í júní. Við létum þessar góðu fréttir ekki hafa áhrif á plönin okkar og ætlum við að búa á Flateyri í næsta árið og jafnvel lengur.

Hvenær byrjaðir þú á bretti?

Solla: 12 ára

Otti: 13 ára

Hvar æfðir þú og með hvaða félagi?

Það var ekki í boði að æfa bretti þegar við vorum yngri en Hlíðarfjall er okkar heimafjall.

Hvað er það sem hélt ykkur við íþróttina, hvað er svona gaman við hana?

Solla: Þetta var svo töff og kúl. Í dag er það aðallega félagsskapurinn og fjörið.

Otti: Það er svo mikið frelsi og frábær félagsskapur.

Hvers vegna tókuð þið þetta starf að ykkur?

Snjóbrettasportið hefur vaxið hratt síðustu ár, nú er boðið upp á keppnir fyrir krakka og allskonar viðburði um allt land. Við höfum tekið eftir því að það voru yfirleitt fáir að taka þátt frá Vestfjörðum á þessum mótum, svo okkur fannst alveg kjörið að taka peppið með að norðan þegar við fluttum. Svo er þetta bara svo gaman og góð útivist!

Hvernig líkar ykkur að búa hérna?

Flateyri er alveg frábær staður og okkur líður mjög vel hérna. Krúttlegt samfélag sem tekur vel á móti manni.

Gætu þið hugsað ykkur að ykkur að halda þessu starfi áfram?

Alveg klárlega!





*Ad vera á gönguskiðum
er toppurinn á tilverunni*

— Ofurhjónin Rannveig og Bobbi —

Islandsb

Sumir halda kannski að Ísfirðingar þekktist helst á því að ganga um með eldislax í annarri hendi og kertaljós í hinni vegna hinna eilífu rafmagnstruflana. Svo er þó ekki, heldur má segja að einkennisklæðnaður margra íbúa á norðanverðum Vestfjörðum séu föt frá CraftSport. Bæði börn og fullorðnir, eldri borgarar og yngri eru merktir Craft enda óvíða jafn mikill fjöldi af fólki sem vill helst alltaf vera á hreyfingu. Tvö úr þessum hópi eru hjónin Rannveig Halldórsdóttir og Kristbjörn Sigurjónsson, betur þekktur sem Bobbi meðal heimamanna. Þau reka einmitt CraftSport á Ísafirði og selja þar bæði föt og íþróttavörur enda eru þau mikið íþróttafólk sjálf og ekki síst öflug í skíðagöngu. Rannveig starfar sem bókasafnsfræðingur í Grunnskólanum á Ísafirði hluta úr degi og Bobbi vinnur í verslun þeirra. Og það liggur ekki í augum uppi þegar hann mætir viðskiptavinum með ískalt augnaráð Vestfirðingsins að hann hafi lokið háskólanámi með BA-próf í ensku og frönsku.

Fyrrir ókunnuga, sem mæta hjónunum á íþróttavellinum, væri vel hægt að áætla að þau hefðu staðið á gönguskíðum frá barnæsku. Svo er nú aldeilis ekki, þó faðir Rannveigar hafi alltaf tekið þá íþrótt fram yfir aðrar. Rannveig var þó alltaf hrifnari af svigskíðum og hún og Bobbi byrjuðu í þeirri íþrótt eftir að þau fluttu vestur eftir háskólanám. „Fyrst þegar við komum hingað vestur eftir námið þá vorum við í raun ekkert á gönguskíðum,“ segir Bobbi. „Við vorum bara í Stúdío Dan í eróbikkinu og fórum svolítið á svigskíði, en aldrei á gönguskíði.“

„Það var ekki fyrr en elsta dóttir okkar fór að æfa gönguskíði sem við fórum út í þau líka,“ segir Rannveig. „Hún heitir Oddný Kristín og er fædd 1986 en við eigum líka þær Katrínu Sif og Örnú, tengdasonur okkar heitir Teitur og barnabörnin tvö heita Kristófer Bragi (8 ára) og Aníta Rakel (4 ára). Þegar Oddný fór að æfa þá fylgdum við með. Til þess að vera með henni og styðja og hinar dæturnar fylgdu á eftir þegar þær höfðu aldur til,“ segir Rannveig.

„Ég fór tvisvar eða þrisvar á gönguskíði árið 1996 og skellti mér svo í 20 kílómetra í Fossavatnsgöngunni,“ segir Bobbi. „Þá fór ég að æfa meira, sá að það þýddi ekkert annað ef ég vildi ná árangri.“ Rannveig fór ekki strax að keppa heldur snérist fyrstu árin á göngu-

skíðum um það að fjölskyldan væri saman á skíðum. „Við vorum í mörg ár hérna heima að stunda okkar íþrótt. Fórum fljótlega að taka þátt í mótarið sem heitir Íslandsgangan og er til að mynda fyrir norðan, á Ströndum og Fossavatnsgangan er hluti af því,“ segir Rannveig. „Já við vorum dugleg til að byrja með að fara í það og hvetja um leið fólk til að koma vestur í Fossavatnið,“ bætir Bobbi við. „En höfum ekki haft tíma til að sinna því í nokkur ár.“

Finnst gaman að taka þátt í mótum erlendis

Rannveig segir frá því að fyrsta skiptið sem þau hjónin fóru til útlanda til að keppa í skíðagöngu þá var það árið 2004 sem þau fóru í Vasagönguna með vinafólki sínu. „Við fórum með Rósu og Árna í Gamla Bakariinu og Massa, Sveinbjörnssyni. Ég og Rósa tókum þátt í hálfri Vasagöngu en þeir þrír fóru í heila. „Þá vorum við byrjuð að vinna með Worldloppet,“ bætir Bobbi við, „og stússast aðeins við það og reyna að koma Fossavatnsgöngunni þar inn. En það tók okkur tíu ár að komast með Fossavatnsgönguna inn í Worldloppet mótariðina og það gerðist 2014. Þannig að þetta eru ansi mörg ár sem það tók okkur að komast þangað inn.“

Rannveig og Bobbi fara alltaf út til að keppa einu sinni á ári og hafa oftast gert síðan þau fóru fyrst 2004. En keppnisferðirnar snúast ekki einungis um



Að lokinni Gatineau göngunni í febrúar á þessu ári.

gönguskiðin heldur líka hlaup og ósjaldan fara þau ytra til að taka þátt í maraþonum. Enda er nauðsynlegt að hreyfa sig á sumrin til að vera góður skíðamaður segir Bobbi. „Það verður enginn göngumaður til á veturna og til lítils að byrja bara að æfa á haustin.“ Þegar að skíðagöngunni kemur hafa þau oftast tekið þátt í göngum sem eru hluti af Worldloppet og njóta góðs af því samstarfi. Þau hafa farið mjög víða og til að mynda til Ottawa í Kanada og American Birkebeiner í Bandaríkjunum á þessu ári. Það var tíu daga ferð í það heila þar sem bæði kepptu til dæmis í 51 kílómetra göngu í Gatineau þjóðgarðinum við Ottawa á laugardegi og Bobbi keppti líka í skauti eða 51 kílómetra göngu með frjálsri aðferð á sunnudeginum. Hjónin segja að skíðasvæðið í Gatineau garðinum sé ákaflega fallegt og stórt. Kuldinn sé þó töluvert meiri en hér á landi og geti farið niður í mínus 40, þó hann hafi haldið sig í mínus 15-20 þegar þau voru á staðnum. „En ég fann ekki mikið fyrir kuldanum því það er ekki eins rakt og hérna,“ segir Bobbi. Hann er búinn að klára Goldmaster í Worldloppet mótaröðinni eftir að hafa tekið þátt í tíu göngum og Rannveig stefnir á að ná því takmarki á næsta ári.



Bobbi tekur við Worldloppet goldmaster titli úr hendi forseta Worldloppet í Lahti 2018.

Uppbygging skíðasvæðis og Fossavatnsgöngunnar

Það var greinilega afdrifarík ákvörðun sem Oddný dóttir þeirra tók þegar hún byrjaði fyrst að æfa skíðagöngu því upp úr því fór Bobbi að vinna að uppbyggingu skíðasvæðisins og Fossavatnsgöngunnar. Hann sér um fjármálin þegar við kemur svæðinu og byrjaði á því á sínum tíma að selja aðgangskort þar inn. „Ég gekk bara á liðið og rukkaði,“ segir hann „og náði að selja ansi vel. Þannig að við fengum inn tekjur til þess að vinna að uppbyggingu svæðisins. Þessar tekjur keyrðu okkur áfram í nokkuð mörg ár en núna og síðustu ár fáum við uppbyggingarstyrk frá Ísafjarðarbæ. Uppbyggingarvinna á svæðinu var að stórum hluta gerð í sjálfböðavinnu og þegar ég var að byrja vorum við alltaf 15-20 karlar og konur að stússast í þessu. En þetta hefur breyst mikið og í dag koma fáir. Ungu fólkið vill ekki gera þetta, það vill fá borgað fyrir hlutina svo núna erum við svona 3-4 í þessu. En batterið í kringum skíðasvæðið er orðið allt miklu stærra og betra. Mér fannst sjálfsagt að vinna sjálfböðavinnu þegar dætur mínar voru í þessu og jafnvel þó ég eigi ekki börn lengur á gönguskiðum þá brennur þetta virkilega á mér. Ég vil að þetta sport, skíðagangan, gangi vel.“

Bobbi segir sömu ástæðu liggja að baki því að hann hefur unnið að Fossavatnsgöngunni öll þessi ár. Þegar hann byrjaði þá voru um 100 keppendur en þá var brautin aðeins 20 kílómetrar. „Við strákarnir fórum að velta fyrir okkur hvort við gætum ekki stækkað þetta meira og farið með þetta upp í 50 kílómetra. Mörgum fannst það algjör vitleysa, við gætum það ekki og fyrsta árið vorum við held ég um 20 keppendur sem fórum 50 kílómetra. Í dag eru komnir 762. Þannig að þetta hefur breyst mikið á skömmum tíma.“

Þessir 50 kílómetrar í Fossavatnsgöngunni teygja sig langt inn á næstu dali við botn Skutulsfjarðar og fyrir leikmann er nær ómögulegt að skilja hvernig það er hægt að búa til góða skíðabraut þessa löngu leið. Bobbi er með svar við því: „Við erum náttúrulega með einn mesta snilling Íslandssögunnar í skíðagöngubröndum sem heitir Þröstur Jóhannesson. Hann kennir trésmíði í menntaskólanum, og búinn að vinna vinna við skíðagönguna mikið lengur en ég. Hann er ótrúlegur snillingur í brautarlagningu. Þegar Þröstur byrjaði þá fór hann með eldri köllunum og tók svo bara við. Nú vantar okkur einn yngri til að taka



Fossavatnsgangan 2014.


við af honum en það er erfitt að finna þá.“ Þróstur vann lengi hjá Vegagerðinni sem mælingamaður og Bobbi og fleiri segja að hann hafi þessa tilfinningu fyrir hæðarpunktum í sér. Nú hefur brautin verið gps mæld og staurar verið negldir niður sem auðveldar alla undirbúningsvinnu. „En við þurfum alltaf á Þresti að halda til að merkja brautina aftur. Það eru um það bil 100 metrar á milli stika og Þróstur fer og stingur út hvar er best að fara. Snjórin er nefnilega mismunandi á milli ára og brautin breytist alltaf eitthvað aðeins. Hann finnur þá bestu staðina til að fara,“ segir Bobbi.

Öll fjölskyldan í Fossavatnsgöngunni

Þó að dætur þeirra Bobba og Rannveigar hafi að nokkru lagt gönguskiðin á hilluna eftir grunnskóla þá hafa þær aðeins verið að líta við þeim aftur núna síðari ár. Katrín Sif, miðdóttir þeirra hjóna er til dæmis flutt aftur á Ísafjörð og skiðin eiga hug hennar allan sem fyrr. „Við tvö og Katrín fórum 50 kílómetra í Fossavatnsgöngunni í fyrra og í ár fórum við öll fimm saman í fyrsta skiptið,“ segir Rannveig stolt.

Rannveig er bókasafnsfræðingur eins og fyrr segir og vinnur til hádegis alla daga í Grunnskólanum á Ísafirði. Eftir það

liggur leið hennar til Bobba í CraftSport þar sem þau standa vaktina saman flesta daga. Tilurð verslunarinnar liggur í því að áður fyrr rak Bobbi byggingarvöruverslunina Núp sem seldi meðal annars gólfefni. Þegar hann byrjaði að vinna í skiðagöngu-



Barnabörnin: Kristófer Bragi og Aníta Rakel.

nefndinni og að Fossavatnsgöngunni voru margir að biðja hann um aðstoð við að kaupa skiði og fatnað. „Þá var ég beðinn um að redda hinu og þessu þannig að ég fór að kaupa skiði og þar á meðal Madshus skiðin sem eru seld hér í CraftSport. Ég



Mæðgur á skiðum.


Gleðilega Skíðaviku

Við höfum opið alla páskana
Hlakka til að sjá ykkur!
Hamraborg



HAMRABORG EHF.
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166

Bílasmiðja SGB ehf



Sindri Gunnar Bjarnarson

*Málun Nýsmíði Réttingar
Bílabjörgun Framrúðuskipti*

Seljalandsvegur 86 400 Ísafirði
Sími 847-3413
bilsmidja@gmail.com

VIÐ FÆRUM ÞÉR ORKUNA

svo þú getir skapað ný tækifæri fyrir Vestfirðinga



ORKUBÚ VESTFJARDA
Stakkanesi 1
400 Ísafirði

450 3211
456 3204

orkubu@ov.is
www.ov.is



STAÐUR TÆKIFÆRA

SKAGINN 3X er í fremstu röð hátæknifyrirtækja í heiminum í þróun lausna fyrir kæli-, frysti- og matvælaframleiðslu.

Í fyrirtækinu ríkir spennandi nýsköpunarandi, verðugur vettvangur fyrir öflugt fag- og tæknifólk.



SKAGINN 3X

www.skaginn3x.com






Fossavatnsgangan 2018.



Arnarneshlaup.



Að loknu Reykjavíkumaraþoni 2018.



Maraþon í Kína 2017.



Göngutúr að Fossavatni. Teitur, Katrín og Oddný.

hafði svo samband við Madshus og byrjaði að kaupa af þeim. Svo var alltaf verið að biðja mig um fót líka og ég var að panta þau héðan og þaðan. Svo var það 2007 sem við förum til Ítalíu til að taka þátt í skíðagöngu og ég hitti um leið sölustjóran hjá Craft. Þá var ákveðið að við yrðum umboðsaðilar fyrir Craft á Íslandi," útskýrir Bobbi. Hann segir ástæðuna einnig liggja í því að hann hljóp mikið, var á gönguskiðum og hjólaði en Craft selur fatnað og vöru fyrir allar þessar íþróttir. „Þess vegna fékk ég umboðið fyrir þetta.“ Eftir hrúnið 2008 ákvað hann að loka Núpi og hjónin tóku þá ákvörðun að opna verslunina CraftSport á Ísafirði árið 2011. Þar veita þau persónulega og góða þjónustu, enda þekkja þau vel vöruna sem þau selja.

Öflug íþróttahjón

Pegar spurt er hvaða skíði séu í uppáhaldi hjá þeim er svarið

einfalt. Madshus. „Og ég segi fyrir mig,“ bætir Rannveig við, „að eftir að skinnskiðin komu að þá er ég bara á þeim. Þá fann ég ljósið,“ segir hún og brosir. Bobbi hefur aftur á móti meira gaman af því að spá og spekulera í því hvaða áburður hentar undir skíðin hverju sinni. „Það tengist því líka að ég er búin að vera að bera undir skíði hjá fólki í Fossavatninu í 17 ár og það eru miklar stúdíur alltaf í kringum það,“ segir hann. „Ég er alltaf með 3-4 menn uppá heiði að tékka á stöðunni og svo ákveð ég hvað við gerum. Og á þessum 17 árum hefur val á áburði bara klikkað tvisvar. Það er rosalega góð tölfræði. Á mörgum stöðum klikkar það oft, meira að segja í Vasagöngunni. Það þarf að þekkja snjóalögin og það góða við Ísafjörð og bara allt Ísland, eru þessar ofboðslegu breytingar í veðráttu. Erlendis er kannski sama færri allan veturinn þannig að fólk venst ekkert við það að þurfa að breyta til. Mér finnst

mjög gaman að þæla í þessu hvað á að setja undir og þreifa sig áfram til að finna fattið,“ segir Bobbi.

Fyrir utan að taka þátt í maraþonum og skíðagöngum þá hafa hjónin einnig tekið þátt í Járnkarlínum og stundað Crossfit í heilt ár. Framundan hjá þeim er að hlaupa Laugavegin í sumar og tvær skíðagöngukeppnir erlendis á næsta ári. „Það er mjög gaman að fara í þessar skíðaferðir, taka þátt í keppnum og safna göngum,“ segir Rannveig. „Að vera á gönguskiðum er toppurinn á tilverunni,“ segir Bobbi. „Mér finnst þetta ofboðslega skemmtilegt. Ef fólk hefur gaman af þólsportinu þá eru gönguskiðin fullkomin. Ég hef mjög gaman af því að hlaupa, hjóla og synda og finnst rosalega gaman líka að keppa í þríþrautinni. En gönguskiðin eru númer eitt fyrir mig,“ segir Bobbi að lokum.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir



HEIMSMEISTARAMÓTIÐ 2019 Í SEEFELD



Ferðalagið hófst sunnudaginn 17. febrúar, Albert lagði af stað frá Lillehammer og Dagur frá Östersund. Við hittum restina af hópnum í Munchen og þaðan var tveggja tíma akstur til Seefeld í Austurríki. Þegar komið var til Seefeld skráðum við okkur inn á hótelið og deildum við félagarnir herbergi. Fyrsta verkefnið var að fara út að skokka eftir langan ferðadag. Við skokkuðum að skíðasvæðinu og skoðuðum aðstæður, eftir skokkið var stutt styrktaræfing og teygjur. Strax í kjölfarið var kvöldmatur sem var alla daga 4 rétta. Mjög tímafrekt og orðið vel þreytt þegar leið á ferðina.

Klukkan hálfjö fyrsta morgunin í Seefeld var bankað fast á dyrnar á herbergi 109, það var lyfjaeftirlitið að boða Dag í blóðprufu samstundis. Dagur var snöggur að vakna eftir að þessi stóri Þjóðverji æddi inn í herbergið og dró Dag niður í kjallara þar sem blóðprufur voru teknar, Dagur stóðst lyfjaprófið með þryði en ekki er hægt að segja það um alla keppendur á þessu heimsmeistaramóti. Seinna þennan dag fór Dagur að leita að klippistofu. Eftir langa leit fann hann "cash only" rakarastofu í kjallara í Seefeld. Þar tók á móti honum Sírlendingur sem talaði enga ensku og Dagur talaði aðeins mjög bjagaða þýsku, en Dagur tók sénsinn og leyfði honum að klippa sig. Það gekk svo vel í klippinguni að Dagur sagði að hann hefði aldrei verið svona ánægður með klippingu.

Þriðjudagurinn var tekinn snemma með léttri æfingu fyrir hádegi, næst voru réttu skíðin fyrir undankeppnina valin og við keyrðum okkur í gang með léttri intervalæfingu fyrir morgundaginn þar



Íslensku keppendurnir í Seefeld; Ragnar Gamalíel, Krístrún, Snorri, Ísak, Dagur og Albert.

sem okkar helsta markmið var að komast áfram úr undankeppninni. Eftir hádegi var skipulögð myndataka. Hópurinn fór í myndatöku fyrir Skíðasamband Íslands sem breyttist fljótt í snjókast. Á miðvikudeginum var komið að fyrstu keppninni okkar sem var undankeppnin, 10 km ganga með hefðbundinni aðferð. Við áttum báðir góðan dag, Albert landaði 3. sætinu og Dagur lenti í 6. sæti. Sá árangur skilaði okkur báðum áfram

inn í allar lengri vegalengdirnar. Við fórum og fögnuðum því með Íslenska stuðningsliðinu, það var mjög gaman að heyra í þeim í hvert sinn sem við fórum framhjá þeim í göngunni enda létu þau vel í sér heyra. Á fimmtudeginum var komið að sprettgöngu, hún var fjölmennasta grein okkar Íslendinganna þar sem við áttum 5 þátttakendur. Stemmningin var gríðarleg með 15.000 manns í stúkunni og fólk út um alla braut.



Albert landaði 3. sætinu í undakeppni 10 km. göngunnar.



Íslenska stuðningsliðið stóð fyrir sínu.

Enginn Íslendinganna komst áfram en allir skemmtu sér vel í keppninni.

Eftir fyrstu tvo keppnisdagana voru komin upp veikindi í hópnum sem ollu því að ekki allir gátu tekið þátt í léttum æfingum milli keppnisdaga. Albert tók rólega æfingu á föstudeginum enda ætlaði hann sér að keppa á laugardeginum í 30 km skiptigöngu, hann skoðaði brautina og fann réttu skíðin fyrir gönguna sem var næsta dag. Það sem eftir lifði dags reyndum við að slaka á og græja annan undirbúning fyrir göngu morgundagsins. Það er mikilvægt að vera vel hlaðinn fyrir svona göngur, því er besti undirbúningurinn daginn fyrir að finna aldrei til svengdar og vera vel vökvaður. Þátttakendur Íslands í skiptigöngunni voru þeir Albert Jónsson og Snorri Einarsson. Keppnisdagurinn byrjaði snemma með góðum morgunmat og því að smyrja nesti fyrir daginn þar sem startíð var 12:30. Plönin gengu ekki alveg eftir hjá Alberti þennan daginn, snemma í göngunni byrjaði honum að líða eitthvað óþægilega og var það frekar ljóst að eitthvað

var ekki alveg í lagi. Á skiptisvæðinu eftir fyrri hluta göngunnar var Albert að gera sig kláran í skautið ásamt nokkrum öðrum keppendum þegar þeim er tjáð að þeir fái ekki að halda áfram. Þegar leið á daginn fór Albert að finna meiri og meiri einkenni slappleika og undir lok dags var hann genginn til liðs við veikindapésana. Næstu tveir dagar voru því nokkuð rólegir þar sem meirihluti liðsins hvíldi sig og gerði allt til að hressast sem fyrst. Það var aðallega japlað á vítamíni og lyfjum, borðaður hollur matur, Netflix, sofið og borðað meira. Þessi endalaus hvíld fór mismunandi í fólk og áttu sumir erfitt að klæða sig á morgnana. Á mánudeginum fór hópurinn loksins að hressast og allir tóku léttu æfingu saman á skíðum og fóru yfir keppnisbraut morgundagsins. Það voru 15 km með hefðbundinni aðferð í sól og blíðu líkt og alla aðra daga ferðarinnar en en færri var mjög blautt og mjúkt sem gerði erfitt fyrir. Þrátt fyrir það gerði smurningsliðið okkar mjög góða hluti eins og þeim einum er lagið. Eftir síðustu keppnina okkar var stoppað á leiðinni á hótelið í pizzu



Sælir og ánægðir eftir frábæra göngu.



Flensan fór illa í Ísak og átti hann í mesta basli með að átta sig á hvað snéri fram á peysunni.



Þrátt fyrir erfiðar aðstæður þá stóðu smurningsmennirnir sig eins og sannar hetjur.

sem var borðuð í blíðunni. Síðan fórum við í sund á hótelinu og sauna. Þetta var seinasta kvöldið okkar í Seefeld þannig að eftir kvöldmat var bæjarferð þar sem við fórum á röltið og skoðuðum næturlífið sem Seefeld hafði upp á að bjóða. Næsta morgun var ræs klukkan 7:00, borðaður morgunmatur á hótelinu og brunað af stað til München þar sem leiðir okkar skildu, Albert til Noregs og Dagur til Svíþjóðar.

Skíðaparadísin Ísafjörður

Ég held ég hafi alltaf verið svolítið mikil kveif. Ég var virkilega hrædd um að meiðast. Ég held að það að eignast barn hafi fengið mig til að hugsa mig tvisvar um; hvort vil ég vera skræfa eða fyrirmynd.

Borgnesingurinn

Ég er fædd og uppalin í Borgarnesi. Það var yndislegt að alast upp í Borgarnesi, þar stundaði ég ýmsar íþróttir, átti ólík áhugamál og góða vini.

Þó Borgarnes sé á láglandi, þá er þar fullt af brekkum og æðislegt fjall sem flestir þekkja vegna vindasamra ferða til höfuðborgarinnar. Við skíðuðum stundum í brekkunum í Bjargslandinu í Borgarnesi og einstöku sinnum fórum við upp á Hafnarfjall. Þar sem ég var huglaus og örugglega ekki með mestu þrautseigjuna fór ég afar fáar ferðir enda engin lyfta. Það voru ekki margir Borgnesingar sem voru að keyra upp í Bláfjöll til að fara á skíði, þetta var ekki í menningunni og landið er líka eitthvað svo mikið minna í dag en það var þegar ég var að alast upp.

Ég hef oft sagst alltaf hafa átt skíði. Í minningunni átti ég alltaf skíði – en þegar ég spurði þabba, þá átti ég bara ein skíði, fyndið hvað minningin getur ruglað.

Ísfirðingurinn

Ég hef búið á Ísafirði í rúm 5 ár og því Ísfirðingur. Ég veit þetta á eftir að stuða marga, en ég er Ísfirðingur. Hér líður mér vel, hér er hjarta mitt og heimili og okkur krökkunum líður vel. Áður en við fluttum hingað höfðum við búið í Reykjavík, en ég vildi að krakkarnir



Dórdís með Friðmeyju og Marinó í Tungudal.

mínir fengju tækifæri til að alast upp út á landi. Eitt af því sem hafði áhrif á ákvörðun til flutninga var nálægðin við náttúruna og hversu stutt og einfalt það er að njóta fjölbreyttrar útivistar. Ég sá líka í hillungum snjóbyli og huggulegheit.

Skíðamamman

Þar sem ég var flutt í skíðaparadís varð ég að koma krökkunum á skíði. Ég byrjaði ekki á því að læra sjálf, heldur að kenna þeim. Fyrst var það Friðmey sem fékk að skíða milli lappanna á mér, með mig alveg hræðilega örugga. Ég hafði aldrei prófað að skíða aftur á bak, ég vildi ekki fara of hratt og ef hún datt þá datt ég líka. Það hlýtur að hafa verið skrautlegt að horfa á okkur. Þegar hún var orðin skíðandi tók Marinó sonur minn við með mig eilítið öruggari. Við Friðmey fórum einu sinni á Andrésar Andarleikana og nú er komið að Marinó að fá að njóta þeirra.



Friðmey að æfa sig fyrir Andrésar Andarleikana.



Að kenna Marinó á skíði í Tungudal

Svigskiðadrottningin

Eftir að hafa komið krökkunum úr fanginu á mér hef ég loksins aðeins lært sjálf að skíða. Ég swússaði aðeins á æfingunum hjá Birnu Jónasar og reyndi svo að skíða alltaf þegar krakkarnir voru á skíðaæfingum. Það eru kannski ekki nema 1-2 ár síðan ég fór að skíða eitthvað af ráði. Ég er ekki með flottasta stílinn og stundum skíthrædd, en er farin að þora næstum öllum brekkum á skíðasvæðinu, það er svo frelsandi.



Gullrillurnar að skrá sig til leiks í Fossvatninu 2016

Gullrillan

Nú er það djúpa laugin. Þrátt fyrir að hafa ekki kunnað neitt á svigskíði þegar ég flutti á Ísafjörð, þá hafði ég alla vega stigið á þau og reynt – en öðru máli gegnir um gönguskiði. Það var meira að segja þannig að ég ákvað að fara 50 km í Fossavatnsgöngunni, það kvöld sem Gullrillurnar urðu til, án þess að hafa stigið á gönguskiði. Eitthvað sem mér hafði aldrei dottið í hug að ég ætti eftir að gera. Við vorum í ansi stífu æfingaprógrammi, enda mikið að læra á stuttum tíma. Fyrstu vikunnar kallaði ég mig Falldís þar sem ég gerði lítið annað en að detta.

Þegar líða fór að Fossvatninu gátu Gullrillurnar ekki hætt þar sem það var svo gaman og ákváðu því að skrá sig í Landvættina. Þá um sumarið hjóluðum við Bláalóns-þrautina, syntum í Urriðavatni og hlupum í Jökulsárhlaupinu og ég varð landvættur nr. 138.

Upp úr þessu stendur ævintýri, að eignast góða vini og minningar og stíga ansi vel út fyrir þægindarammann.

Hátíðarunnandinn

Þegar ég sit hér inni í gamla húsinu mínu og fer yfir skíðaferilinn minn er smá snjóbylur úti. Snjóþöntunin sem við Ísfirðingar erum búin að vera að leggja inn fyrir páskana og Fossavatnsgönguna er að berast. Ég er það dolfallinn skíðaunnandi að ég hélt upp á fertugs afmælið mitt í Tungudal í fyrra og átti yndislegan dag með vinum og vandamönnum.

Áður en ég flutti hafði ég aldrei komið á Aldrei fór ég suður og á Skíðavíkuna, eftir að ég flutti hef ég ekki sleppt þessum viðburðum og þetta er orðinn fastur punktur í lífi minnar fjölskyldu. Furðufatadagurinn og páskaeggjamótið eru fastir liðir í lífi krakkanna, í fyrra tók ég þátt í sprettgöngunni og fjallaskíðaferð, það er spurning hvað verður fyrir valinu í ár. Við látum okkur ekki vanta upp á Dal á páskum, þrátt fyrir mun fleiri gesti og lengri biðraðir þar sem stemningin á páskum er alveg einstök. Aldrei fór ég suður og Skíðavíkan eru fjölskylduhátíðir og eiga vel saman. Að skíða á daginn og rokka á kvöldin. Ég get ekki beðið eftir Todmobil og krakkarnir ekki eftir JóaPé og Króla.

Ég er svo ótrúlega heppin að hafa endað á þessum stað, á Ísafirði, útivistarbænum þar sem lognið á lögheimili og fjöllin vaka yfir manni. Ég hlakka til að hitta ykkur sem flest á Dalnum, þar sem við verðum umkringd þessum fallegu fjöllum.

Maður gerir ekki rassgat einn.

Dórdís Sif Sigurðardóttir





Arnór Stígsson

14. janúar 1922 - 6. maí 2018



Fyrir tæpu ári féll hann frá þessi mæti heiðursmaður, andaðist 6. maí 2018 liðlega 96 ára að aldri.

Arnór var fæddur 14. janúar 1922 að Horni í Hornvík, ólst þar upp og starfaði til haustsins 1946 er fjölskyldan flutti til Ísafjarðar. Snjóþungt var oft á Hornströndum og snemma fóru menn að nota skíði sem ferðatæki en einnig til gamans þegar tími og aðstæður leyfðu. Skíðin voru yfirleitt heimasmíðuð eins og margt annað enda margir hagleiksmenn í fjölskyldunni. Í Skiðablaðinu 2017 er ágæt og skemmtileg grein Andreu Harðardóttur um Arnór og skíðaiðkun á þessum árum fyrir norðan. Þar má m.a. lesa að um 5 ára aldur var Arnór byrjaður að skíða og búinn að fá eigin heimasmíðuð skíði 7-8 ára. Skíðaáhugi Arnórs hefur því komið snemma í ljós.

Arnórs verður ekki síst minnst fyrir glettin tilsvör og sérstaklega fyrir margar skemmtilegar sögur. Hann átti það jafnan til að herma eftir mönnum og sá iðulega spaugilegu hliðina í samskiptum manna. Einstakur sögumaður og óvenju hláturmildur. Man ég eftir því er ég og Rúnar Eyjólfsson hittum Arnór í bygginga-vöruversluninni Núp og var þetta rétt fyrir morgunkaffið. Við setjumst niður og fáum okkur kaffi, Arnór fer að segja okkur sögur að norðan og næst þegar við vitum af okkur er komið hádegi. Þetta var ógleymanleg stund. Margir sem hittu og umgengust Arnór minnst slíkra stunda.

Arnór sagði mér eitt sinn frá skíðaferð 1939 eða 1940 frá Horni og austur að Dröngum. Þetta var skemmtiferð þeirra félaganna Arnórs og Jóa Fúsa í góðu veðri og færi. Þeir fóru í Reykjarfjörð og gistu þar tvær nætur. Daginn eftir komuna skruppu þeir félagar að Dröngum og til baka í Reykjarfjörð. Á heimleiðinni fóru þeir fyrir Núp (innsk. Furufjarðarnúp) í góðu og hörðu færi. Er þeir koma inn í Sandshorn í Furufirði mæta þeir Guðmundi bónda Árnasyni sem skilur ekkert í asanum og hraðanum. Jói var á undan og fer á fullri ferð framhjá Guðmundi sem kallar þá til Arnórs: „Undan hverju eruð þið að flýja?“ Var nema von að Guðmundur óttaðist hvað kæmi næst á eftir þeim, því slíkur var ákafinn og hraðinn.

Arnór er í skíðaskólanum á Seljalandsdal í 6 vikur síðla vetrar 1946, er hann kemur til baka norður fer hann beint í bjargið, þá var kominn bjargtími. Arnórs verður einnig minnst fyrir bjargsig og var öruggur og óttalaus fylglingur.

Fyrstu árin á Ísafirði keppti Arnór bæði í svigi, stökki og skíðagöngu en færði sig síðar alveg yfir á gönguskíðin. Fossavatnsgöngunar hans

urðu 29, sú fyrsta er skráð 1958 en síðasta árið 2000 og þá er hann 78 ára gamall. Keppnistímabilið nær því yfir hálfra öld.

Í mörg ár er hann að merkja og leggja skíðagöngubrautir með Sigurði Jónssyni. Merkiprikin voru að sjálfsgöngu söguð til á verkstæðinu á Hlíðarveginum. Um árabíl gerði Arnór við brotin gönguskíði og setti bindingar á ný. Þar fengu skíðamenn að njóta snilldar hans sem listasmíðs.

Meistaraverkin lifa meistarann og þegar þið lesendur góðir heimsækið Safnahúsið á Ísafirði og opnið bognu útihurðirnar getið þið dáðst að verkinu sem varð til í kjallaranum að Hlíðarvegi 32 á Ísafirði. Þarna er ein af margri listasmíðinni sem varð til á langri starfsævi.

Í upphafi skíðagönguferilsins var undirritaður nokkurs konar lærlingur hjá postulunum þremur, þeim Arnóri, Sigurði Jónssyni og Ásgeiri Sigurðssyni í skíðatúrnum þeirra um skíðalönd Ísfirðinga. Postularnir fengu þessa nafngift þar sem þeir skíðuðu oft saman og sungu allir í kirkjukórnum. Oftar en ekki er við fjórir vorum komnir upp að vatni fremst á Seljalandsdal snemma á laugardagsmorgni, þá tóku þeir stutta æfingu og sungu brot úr sálmi og var ég þá eini áheyrandinn þarna í fjallasalnum. Þar kemur enn einn hæfileiki þessa heiðursmanns, að geta sungið svona undurvel.

Það verður ekki hallað á neinn þó fullyrt sé að í Arnóri sannaðist máltækið, heilbrigð sál í hraustum líkama.

Skíðafélag Ísfirðinga minnst Arnórs með þökk fyrir óeigingjarnt starf og við viðhald og eflingu skíða-íþróttarinnar á Ísafirði. Blessuð sé minning Arnórs Stígssonar.

Pröstur Jóhannesson



Oddur Pétursson

2. júlí 1931 – 24. maí 2018



Oddur Pétursson, sá mikli skíðakappi, féll frá fyrir tæpu ári á 87. aldursári. Oddur var einn af mestu skíðaköppum okkar Ísfirðinga fyrr og síðar og keppti meðal annars tvisvar sinnum á Ólympíuleikum. Í Osló í Noregi, 1952 og Cortina á Ítalíu, 1956.

Hann var einnig margfaldur Íslandsmeistari í skíða-göngu og vann Fossavatns-gönguna þrisvar sinnum í röð á árunum 1955-1957.

Oddur fæddist 2. júlí 1931 í Brautarholti í Skutulsfirði. Hann andaðist á Sjúkrahúsinu á Ísafirði 24. maí 2018. Foreldrar Odds voru Pétur Tryggvi Pétursson netagerðarmeistari, f. 1903 í Rekavík bak Höfn, d. 1996, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir húsfreyja, f. 1906 í Hnífsdal, d. 1987. Þau bjuggu í Brautarholti til ársins 1938 er fjölskyldan flutti að Grænararði. Oddur var giftur Magdalenu M. Sigurðardóttir, f. 1934 í Hrísdal í Miklaholtshreppi.

Þau kynntust sumarið 1953 og gengu í hjónaband í desember 1955 og eignuðust sjö börn. Systkini Odds voru Gunnar, f. 1930 einnig mikill skíðamaður og og Unnur, f. 1935, d. 2010.

Það voru forréttindi fyrir strák eins og mig að fá að alast upp í kring um mann eins og Odd. Sigurður sonur hans og Óskar bróðir voru bestu vinir sem krakkar og einhvern veginn atvikaðist það þannig að oft var okkur bræðrunum boðið með í hina ýmsu viðburði fjölskyldunnar. Ýmist á skíði, í göngutúra eða yfir á Hesteyri þar sem að fjölskyldan átti athvarf.

Oddur starfaði lengst af hjá Ísafjarðarbæ sem bæjarverkstjóri og hafði sem slíkur það verkefni að skrá

snjóflóð og meta snjóalög. Síðar vann hann hjá Snjóflóðasetri Verðurstofu Íslands á Ísafirði.

Margar skemmtilegar sögur eru til af Oddi og í áttæðis afmæli hans var farið yfir þær margar. Ein af þeim var saga af því þegar að hann var á fjöllum í óveðri með félögum. Oddur var mjög ákveðinn og þegar að hann var ekki sammála áttavitanum sem vísaði hvert bæri að fara átti hann mjög erfitt með að kyngja því og vildi meina að hann væri vitlaus. Hann kom því með sinn áttavita daginn eftir og bar hann við þann sem notaður var í óveðrinu. Þegar að þeir sýndu báðir sömu stefnu sagði hann; „þeir eru báðir vitlausir“

Mér er minnisstæður

skíðatúr með þeim feðgum, honum og Hauki. Ég var ekki meira en 10-11 ára gamall í heimsókn hjá Sigga, þegar þeir feðgar voru að fara á skíði. Ég vildi endilega fara með og það var vitaskuld sjálfsagt. Auðvitað var erfitt að halda í við þá en gengið var utan spors á Skarðsengi upp á Sandfell og víðar. En Oddur kunni lagið á mér. Dró fram súkkulaði-stykki og gaf mér einn mola á hverjum hól. Við það jókst hraðinn og ekki þurfti mikið að biða eftir mér eftir það.

Við félagar í Skíðafélagi Ísfirðinga kveðjum þennan samherja með þakklæti fyrir hans störf og sigra fyrir félagið.

Daníel Jakobsson, formaður Fossavatnsgöngunnar.

Í bók Einars Ólafssonar um Ísfirsku Ólympíufara er viðtal við Odd. Þar segir m.a. svo um þátttöku hans á Ólympíuleikunum.

Þetta var náttúrulega svaklegt ævintýri að fara á Ólympíuleikana í Osló. Við fórum með skipi til Reykjavíkur. Þar stoppuðum við í nokkra daga og æfðum í Hljómskálagarðinum. Eins mátuðum við ólympíufatnaðinn sem við urðum að borga sjálfir. Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór erlendis. Fólki var ekki mikið að ferðast á þessum tíma. Við flugum fyrst með áætlunarflugi til Glasgow. Í fluginu út þá voru flugvélnar þannig að þær gátu ekki farið upp fyrir vond veður þannig að hún hristist og skalf alla leiðina, ég hef aldrei lenti í öðru eins veðri. Síðan tókum við aðra vél til Oslóar. Eftir leikana var okkur boðið að taka þátt í Vasagöngunni, en þar sem ég var meiddur fór ég bara með Gullfossi heim. Maður náttúrulega öðlaðist mikið sjálfstraust og fékk reynslu á að ferðast. Þetta lifir ljúft í minningunni.

Við vorum tvennir bræður sem fórum á leikana, ég og Gunnar og svo Jón og Matthías Kristjánssynir Þingeyingar, Ívar Stefánsson og Ebenezer Þórarinnsson heitinn frá Ísafirði. Þetta var goður hópur. Ívar var með harmonikkuna og spilaði á hverju kvöldi í hyttunni okkar í æfingabúðunum. Hún fyllist alltaf af fólki og komust færri að en vildu. Við vorum mjög vinsælir þarna í Turnhytta.

Mér gekk ekki nógu vel á leikunum í Osló. Aðstaður voru ekki góðar. Hermenn voru fengnir til að hjappa brautina í skóginum. Það voru bara ein spor og mjög þröngt og ekkert hjappað fyrir stafina. Það var náttúrulega best að fara síðastur þegar flestir voru búnir að troða með skíðum. Þetta var líka ein allra erfiðasta braut í heimi sem hefur verið keppt í á Ólympíuleikum. Hún var svo þröng að það var nánast ómögulegt að fara framúr. Margir lentu í erfiðleikum þegar þeir reyndu að fara framúr. Það var Rúmeni á undan mér sem ég var búinn að reyna að kalla á og hleypa mér framúr. Á einum stað eftir mjög bratta brekku sá ég hvar hann lá kylliflatar neðst í brekkunni. Ég komst ekki til hliðar og varð að reyna að hoppa yfir hann, sem mér tókst en þegar ég lenti hinu megin við hann datt ég svo illa að ég meiddi mig mikið í mjöðminni og rétt svo komst í mark og gat ekki keppt í fleiri göngum á leikunum. Ég man þetta eins og þetta hefði gerst í gær. Þetta var ansi svekkjandi því ég var í ágætis formi.

DAGSKRÁ

SKÍÐAVIKUNNAR 2019

DRIÐJUDAGUR 16. APRÍL

21:00 Kyndlaganga á Seljalandsdal

Mæting við gönguskiðaskálann á Seljalandsdal með höfuðljós og gengið saman á gönguskiðum upp á Eriríksmýri þar sem við yljum okkur á heitu kakói og segjum sögur.

MIDVIKUDAGUR 17. APRÍL

17:00 Setning skíðavikunnar á Silfurtorgi

Skiðafélag Ísfríðinga verður með kaffi, köku og súpu til sölu á staðnum.

17:30 Sprettganga CraftSport

Fer fram í Hafnarstræti, skráningar fara fram í CraftSport.

19:30 Afmælisveisla Björgunarfélags Ísafjarðar

Í tilefni að starfsemi Björgunarfélags Ísafjarðar er 20 ára verður haldið Fiskihlaðborð að hætti Steina og Eiríks.

Miðapanntanir í síma 456-3866.

Miðaverð 4500 kr.

22:00 Tónleikar á Húsinu Rassar

Hljómsveitin Rassar spila á Húsinu, frítt inn.

23:00-03:00 Krúsin ball Dj ÓliDóri opnar Skíðavíkuna á krúsinni, frítt inn.

FIMMTUDAGUR, SKÍRDAGUR 18. APRÍL

10:00 Prekmót Studio Dan í íþrottahúsinu á Austurvegi

18. ára aldurstakmark, nánari upplýsingarnar á FB síðu Studio Dan.

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

10:30 Páskaeggjámót kkd. Vestra og Góu

Íþrottahúsið Torfnesi. Yngri iðkendur byrja kl 10:30 og fullorðnir kl 12:00.

10:00-14:00 Café Karfa, kaffihús yngri flokka kkd Vestra

Íþrottahúsið Torfnesi. Boðið upp á rjúkandi belgískar vöflur.

10:30 Fjallaskíðaganga

Frekari upplýsingar og skráning á netfanginu elineiriks@gmail.com. Ein drykkjarstöð þar sem líka er hægt að borða nesti. Þáttökugjald 2000 kr.

11:00-12:00 Ferming í Hólskirkju

12:00-14:00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal

Keppnin er fyrir 15 ára og eldri. 15-18 ára þurfa skriflegt leyfi forráðamanns.

13:00-16:00 Páskaleikur á náttúrugripasafni Bolungarvíkur

Prautaleikur fyrir börn á aldrinum 0-14 ára.

14:00-16:00 Listasafn Ísafjarðar í Safnhúsinu/ Gamla sjúkrahúsinu

Ómar Smári verður með leiðsögn um sýninguna Gísla Súrssonar – teiknimyndasaga.

15:00 Sleðakeppni í Tungudal/Seljalandsdal

Keppendum verður skutlað upp á vélsleða og keppt verður í útsláttakeppni niður ákveðna braut. Vegleg verðlaun í boði. Skráning á asgeir@gmail.com eða á staðnum. Yngstu keppendur eru beðnir um að vera í fylgd með fullorðnum.

16:00 Vesturferðir bjóða upp á siglingu um Djúpið á bátnum Ölver

3 tíma sigling um Ísafjarðardjúp með tónlistaratriði um borð. Verð á mann er 12.900.-kr.

Hægt að kaupa miða hjá Vesturferðum Aðalstræti 7 – s. 456-5111- eða senda póst á vesturferdir@vesturferdir.is

18:00 Snjóbrettasýning við vallarhúsið á Torfnesi

19:00 Kótilettukvöld í Einarshúsi Bolungarvík

Sætapanntanir í síma 6902303 eða á facebooksíðu Einarshúss

20:00 – 22:00 Ísafjarðarbió

Uppistand hjá tvíhöfða.

20:30 Fisherman kaffihús Suðureyri pub-quis

Keppni hefst 21:30.

21:00 Húsið. Rúnar Eff heldur uppi fjörinu, frítt inn

22:00 Vagninn Flateyri Barsvar betur þekkt sem pubquiz

Pórunn Ásdís og Júlíus Þorfinnsson eru spylar.

22:00-00:00 Tónleikar á Krúsinni Katla Vigdís. Frítt inn

FÖSTUDAGURINN LANGI 19. APRÍL

10:00 Helgiganga

Lagt er af stað frá Dalskirkju, Kirkjubóli í Valþjófsdal og gengið í Holt. Boðið verður upp á súpu og brauð í Friðarsetrinu að leiðarlökum. Fólk verður aðstoðað við að komast aftur í bíla sína. Ókeypís og allir velkomnir.

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

11:00 Gíslasöguganga og víkingasúpa Haukadal Dýrafirði

Söguleg gönguferð á slóðir Gísla sögu Súrssonar í Haukadal Dýrafirði. Allir göngugarpar fá víkingaskikkju til að klæðast meðan á ferðinni stendur og geta þannig sett sig enn betur í spor sögunnar. Að göngu lokinni verður boðið upp á víkingasúpu að hætti Gísla sögu.

Bókanir: komedia@komedia.is eða í síma: 823 7665. Verð: 4.500.- kr. Frítt fyrir grunnskólanema. Leiðsögumaður: Elfar Logi Hannesson.

11:00-17:00 Furðufatadagur í Tungudal

Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Kveikt verður í grillinu um hádegi, börnin geta látið mála sig og sælgæti mun rigna af hinnum ofan.

11:00 –12:00 Píslarsaga Jesú Krist á Hjúkrunarheimilinu Bergi

14:00 og 16:00 Kómedíuleikhúsið, Dimmalimm, Kárius og Baktus

Kómedíuleikhúsið og Leikdeild Höftrungs bjóða upp á leikhúsveislu fyrir alla fjölskylduna á Þingeyri á páskum. Veislan hefst með sýningu Kómedíuleikhússins á barnaleikritinu vinsæla Dimmalimm sem nú er sýnt í Þjóðleikhúsinu fyrir smekkfyllu húsi. Leikari er Elfar Logi Hannesson og leiksjórn annast Þróstur Leó Gunnarsson. Að sýningu á Dimmalimm lokinni tekur Leikdeild Höftrungs við og býður upp á vinsælasta barnaleikrit allra tíma. Kárius og Baktus eftir Þorbjörn Egner í leikstjórn Elfars Loga. Komum saman í leikhúsinu á Þingeyri þar sem töfrarnir gjörast. Miðasala á tix.is Miðasölusími: 823 7665 Miðaverð: 3.900.- kr.

16:00-18:00 Tónleikar í Musterinu

16:00 Páll Óskar - Barnaball

Páll Óskar býður til barnaballs í sal Edinborgarsalsins, aðgangur er ókeypis.

KIPPTU MÉR ÚT!

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR 2019

MAMMÚT ★ TODMOBILE ★ JÓIPÉ X KRÓLI

JÓNAS SIG ★ SALÓME KATRÍN ★ AUÐN

BERNDSÉN ★ ÞORMÓÐUR EIRÍKSSON ★ SVALA

SIGURVEGARAR MÚSIKTILRAUNA 2019

HERRA HNETUSMJÖR ★ HÓRMÓNAR

AYIA ★ BAGDAD BROTHERS ★ GOSI

TEITUR MAGNÚSSON

& ÆDISGENGIÐ

ÍSÁFJÖRÐUR 19.04 - 20.04

aldrei.is



samskip



RÁS 2



Air Iceland
Connect



orkusalan



- | | |
|--------------------------------|---|
| 1. Aldrei fór ég suður | 8. Apótek / Pharmacy |
| 2. Aldrei-hornið | 9. Ísafjarðarkirkja / Church |
| 3. Veitingastaður / Restaurant | 10. Alþýðuhúsið / Cinema |
| 4. Hraðbanki / ATM | 11. Gamla sjúkrahúsið / Culture House |
| 5. Lögreglan / Police | 12. Upplýsingamiðstöð / Tourist Info Office |
| 6. Strætó / Bus | 13. Vínbúðin / Liquor Store |
| 7. Sundlaug / Swimming pool | 14. Sjúkrahús / Hospital |



MJÖG GOTT AÐ VITA

GOOD TO KNOW

Sími/Tel: **112** - Neyðaraðstoð / Emergency

Sími/Tel: **1777** - Vegagerðin, færð á vegum / Road conditions



Teikning: Ómar Smári
Höfundarréttur: Eyþór Jónsson

**UPPLÝSINGAR UM PÁSKAOPNUN ÝMISSA
ÞJÓNUSTUAÐILA Á SVÆÐINU MÁ FINNA Á ALDREI.IS**

**FOR OPENING HOURS IN SHOPS AND OTHER
SERVICES DURING EASTER WEEKEND SEE ALDREI.IS**

KIPPTU MÉR ÚT!

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR 2019

MAMMÚT ★ TODMOBILE ★ JÓIPÉ X KRÓLI

JÓNAS SIG ★ SALÓME KATRÍN ★ AUÐN

BERNDSÉN ★ ÞORMÓÐUR EIRÍKSSON ★ SVALA

SIGURVEGARAR MÚSIKTILRAUNA 2019

HERRA HNETUSMJÖR ★ HÓRMÓNAR

AYIA ★ BAGDAD BROTHERS ★ GOSI

TEITUR MAGNÚSSON

& ÆDISGENGIÐ

ÍSÁFJÖRÐUR 19.04 - 20.04

aldrei.is



samskip



RÁS 2



Air Iceland
Connect



orkusalan

19:00 Gamladags fiskihlaðborð á Einarshúsi Bolungarvík
Sigin bútungur, selspik og saltfiskur að hætti Dána kálfs.
Sætapantanir í síma 6902303 eða á facebooksiðu Einarshúss

19:00 Aldrei fór ég suður, Rokkhátíð alþýðunnar

23:59 Vagninn Flateyri ball Jónas Sig og ritvélar framtíðarinnar. Miðaverð kr 4.000. Forsala á midi.is.

23:59-04:00 Dj Davíð Roach á Húsinu. Frítt inn

23:59-04:00 Krúsin ball Egill spegill og Herra hnetusmjör. Miðasala á tix.is

23:59 - 04:00 Pallaball á Edinborg (öll 1. hæðin) forsala sama verð, forsala á Edinborg bistro kr. 3000

LAUGARDAGUR 20. APRÍL

10:00-12:00 Páskaeggjamót HG í Tungudal
Páskaeggjamót HG í Tungudal. Þegar börn klára ferð í brautinni fá þau páskaegg. Ætlað börnum fædd 2007 og síðar.

11:00-14:00 Páskaeggjamót HG á Seljalandsdal
Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman á Seljalandsdal. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Páskaeggjamót fer fram sem ætlað börnum fædd 2007 og síðar. Kveikt verður í grillinu á hádegi og grillaðar verðar pylsur og þær eru seldar til styrktar skíðafélaginu.

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

10:00-16:00 Íþróttadagur Höfrungs
Leikjaplan og páskaeggjaleit 10-12, bandý 10-13, körfubolti 13-14, fótboldi 14-15, badminton 15-16

11:30- 12:30 Páska-brunch á Víkurskalanum

12:00- 13:00 Edinborg Zumba party í Edinborgarsal, kennari Sigróros Elddís kr. 1.000

13:30-18:00 Listasýning og tónleikar Lýðháskólans á Flateyri, Hafnarbakka 8
Nemendur Lýðháskólans bjóða upp á listasýningu á hluta þeirra verka sem unnin hafa verið í skólanum í vetur. Kl. 14:10 verður sýning á smáleikhúsverki eftir sögunni Sjóarinn og hafmeyjan eftir Andra Snæ Magnason. Ungir tónlistarmenn af svæðinu flytja tónlist á milli 14:30 og 17:00. Fram koma Gosi, Árný Margrét, Ómi Cé Andi, Ásta og Between Mountains. Eftir það verður sýning á heimildamyndinni „Við“ eftir nemendur á brautinni Hugmyndir, heimurinn og þú. Boðið verður upp á léttar veitingar. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

13:00-16:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafni Bolungarvíkur
Þrautaleikur fyrir börn á aldrinum 0-14 ára.

13:00 og 15:00 Kómedíuleikhúsið, Dimmalimm, Karius og Baktus
Kómedíuleikhúsið og Leikdeild Höfrungs bjóða upp á leikhússveislur fyrir alla fjölskylduna á Þingeyri á páskum. Veislan hefst með sýningu Kómedíuleikhússins á barnaleikritinu vinsæla Dimmalimm sem nú er sýnt í Þjóðleikhúsinu fyrir smekktullu húsi. Leikari er Elfar Logi

Hannesson og leiksjörn annast Pröstur Leó Gunnarsson. Að sýningu á Dimmalimm lokinni tekur Leikdeild Höfrungs við og býður upp á vinsælasta barnaleikrit allra tíma. Karius og Baktus eftir Thorbjörn Egner í leikstjórn Elfars Loga. Komum saman í leikhúsinu á Þingeyri þar sem töfrarnir gjörast. Miðasala á tix.is Miðasölusími: 823 7665 Miðaverð: 3.900.- kr.

14:00 Páskamessa og ferming í Flateyrarkirkju

14:00 Páskabingó
3. bekkjar nemendur MÍ eru að safna fyrir útskriftarferð til Mexico og ætla að halda páskabingó í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Veglegir vinningar í boði!

15:00-17:00 Tónleikar hjá 66° Norður á Suðureyri

16:00 Vesturferðir bjóða upp á siglingu um Djúpið á bátnum Ölver. Verð á mann er 12900-kr

17:00-19:00 Jón Gnarr í Edinborgarhúsinu
Jón Gnarr segir sögur. kr. 5.550 miðasala á tix.is

19:00 Aldrei fór ég suður, Rokkhátíð alþýðunnar

19:00 Fiskihlaðborð á Einarshúsi Bolungarvík
Sætapantanir í síma 6902303 eða á facebooksiðu Einarshúss

21:00 Simbahöllin kaffihús Páska BINGO

23:59-03:00 Dj Óli dóri á Húsinu. Frítt inn

00:00-03:00 Krúsin ball Dj Margeir. Miðasala er á tix.is
00:00-03:00 Edinborg Jói P og Króli, Aron Can, Mc Gauti
Miðaverð 3.500 (öll 1. hæðin) forsala sama verð, forsala á Edinborg bistró

SUNNUDAGUR 21. APRÍL

11:00 Hátíðarmessa í Hólskirkju

11:00 Páskamessa og ferming í Holtskirkju

11:30- 12:30 Páska-brunch á Víkurskalanum

14:00 Páskamessa í Suðureyrarkirkju

16:00 Félagsheimilið á Þingeyri - Leiksýning
Leiksýning um tónskáldið og lækinn Sigvalda Kaldalóns. Hér er fjallað um ævi hans í Djúpinu. Víst var lífið þar ekki eins og í einföldum söngleik. Rakin verður þessi litríka saga tónskáldsins fyrir vestan og fluttar helstu lagaperlur hans. Leikurinn hefur verið sýndur víða um landið og hlotið lofsamlega dóma. Flytjendur eru Elfar Logi Hannesson og Sunna Karen Einarsdóttir. Miðaverð: 4.000.- kr Miðasölusími: 823 7665.

19:00 Fiskihlaðborð á Einarshúsi Bolungarvík
Sætapantanir í síma 6902303 eða á facebooksiðu Einarshúss

22:00 Rúnar eff og Dj Styrmir á Húsinu Frítt inn

00-04 Páskadansleikur með Babies, sérstakur gestur Dj Gló á Krúsinni. Miðasala er á tix.is

00:00- 04:00 Edinborg bistro DJ Kef Caravan frítt inn

MÁNUDAGUR 22. APRÍL

10:00-18:00 Musteri vatns og vellíðunar

10:00-18:00 Handverks-, ljósmynda- og málverkasýning í Musterinu

Einnig er hægt að sjá dagskrá skíðavikunnar á paskar.is

TORMOD SKJERVE VATTEN

NORSKI ÖÐLINGURINN

Pótt veturinn hafi verið með snjóléttara móti í ár þá hefur skíðagöngusvæðið á Seljalandsdal verið opið flesta daga og brautirnar verið mjög góðar. Fjöldi krakka hefur stundað æfingar í vetur, þau yngstu á vegum íþróttaskóla HSV og þau eldri á vegum Skíðafélags Ísafirðinga. Síðastliðið sumar fékk skíðafélagið til liðs við sig nýjan yfirþjálfara til að stjórna starfinu með krökkunum og unglingunum. Hann heitir Tormod Skjerve Vatten og kom hingað frá sjálfri Mekka skíðagöngunnar, Noregi. Skíðablaðið fékk tvo úr unglingaliði SFÍ, þá Hilmar Tryggva Kristjánsson og Sveinbjörn Orra Heimisson, til að spjalla við kappann og kynna hann fyrir lesendum blaðsins.

Það er sennilega eðlilegast að byrja á byrjuninni: hvaðan kemurðu?

Ég kem úr þorpi sem heitir Halsá (þið þekkið dýrin úr Hálsaskógi!). Þetta er bær sem er minni en Ísafjörður. Ég keppti hins vegar á skíðum fyrir Surnadal IL, sem er félagið í nágrennabæ Halsá. Vegalengdin þar á milli er u.þ.b. sú sama og á milli Ísafjarðar og Þingeyrar.

Íslendingar hafa þá mynd af Norðmönnum að þeir séu mjög duglegir að hreyfa sig, sífellt á skíðum, elgsveiðum eða hlaupatúrum, með nestisboxið í bakpokanum. En var Tormod mikið í íþróttum sem barn?

Já, en eins og ég sagði þá kem ég frá litlum stað svo að það var ekki um margar íþróttir að velja. Það var bara skíðaganga á veturna og fótbolti á sumrin. Ég byrjaði líklega fyrst að æfa skíðagöngu þegar ég var átta ára eða svo. Þá tók ég þátt í viðburði sem hét „Börn í brautinni“ (n. „Barn í løyþa“). Þetta voru sex kvöld á hverjum vetri. Maður átti bara að skrá sig og mæta, en svo voru veittar medalíur fyrir þátttökuna, gull, silfur eða brons eftir því hversu oft maður mætti. Ég mætti fimm eða sex sinnum. Síðan byrjaði ég að æfa með þjálfara um svipað leyti, átta eða níu ára. Ég spilaði líka fótbolta upp í 9. bekk og jú, svo spilaði ég handbolta eitt tímabil þegar ég var átta ára eða svo. Síðan bættist við að pabbi er bóndi og ég vann mikið heima í sveitinni, það var auðvitað líkamleg vinna og góð styrktarþjálfun

Á endanum varð svo skíðagangan ofan á, hvers vegna?

Ég sat mikið á bekknum í fótboltanum. Í skíðagöngunni var ég með mjög góðan þjálfara og pótt við værum ekki margir krakkar að æfa þá vorum við mjög góðir vinir.

Þess vegna var alltaf gaman að koma á æfingar. Það var mikið hugsað um félagslega þáttinn og bæði þjálfarinn og foreldrarnir voru með. Við komum oft saman, spiluðum á spil eða borðuðum vöffflur eftir æfingar.

Hér verðum við að fá að grípa inni og segja frá því að Tormod flutti með sér þennan ágæta vöfflusið til Ísafjarðar. Í vetur hefur það verið fastur liður hjá unglingahópnum að borða saman vöffflur eftir æfingar á þriðjudögum. Krakkarnir í hópnum skiptast á um að stjórna

vöflukaffinu (með örlítilli aðstoð frá foreldrum) og allir fara saddir og sælir heim. En gefum Tormod aftur orðið:

Við kepptum á mótum um næstum því hverja helgi. Þegar ég var 12 ára var ég lélegastur í mínum aldursflokki í allri sýslunni (n. kretsen), en svo fór mér fram skref fyrir skref. Að lokum var ég orðinn næst bestur. Hins vegar hafði ég aldrei unnið skíðamót fyrr en ég kom hingað til Íslands! Ég valdi sem sagt ekki skíðagöngu vegna þess að það væri svo gaman að vinna, því það gerði ég aldrei. Hins vegar er alltaf gaman að finna að maður tekur framförum.

Þegar grunnskóla lauk fór Tormod í íþróttamenntaskólann í Meråker þar sem hann gat haft skíðagönguna í forgrunni (í þessum skóla eru einmitt tveir Ísfirðingar við nám núna, Kolfinna Íris Rúnarsdóttir og Jakob Daníelsson). Hvers vegna valdi hann þennan skóla?

Ég var mjög áhugasamur um skíðin, enda hafði ég verið í mikilli framför árin á undan og náð fínnum árangri. Mig langaði til að verða betri og þá er tilvalið að fara í skóla þar sem maður getur sett skíðin svoltíð í fyrsta sæti. Í grunnskólanum var ég ekkert sérstaklega góður í bóklegu fögunum og ekkert sérstaklega áhugasamur um praktísku fögin. Þess vegna var íþróttافرæðin sérlega heppileg, með áherslu á bæði bókleg og praktísk fög! Því til viðbótar hafði ég verið í mjög litlum bekk í grunnskóla, við vorum bara 11 krakkar, og það var 10 mínútna bílferð að heimsækja næsta vin eða vinkonu. Ég var því tilbúinn að breyta til og flytja að heiman og var orðinn nógu þroskaður til þess.

En er mikill munur á skíðamenntaskóla og venjulegum menntaskóla?

Nei, þetta er mjög líkt. Þó tekur maður fleiri fög sem snúast um íþróttina sem þú ætlar að einbeita þér að. Stundaskráin og próf eru löguð að íþróttinni og þú færð að æfa á skólatíma. En svo þarf maður líka að sjá algerlega um sig, þvo þvottinn sinn, halda húsinu hreinu,



Tormod í æfingabúðum FIS á Ítalíu haustið 2018.

elda mat, borga húsaleigu og aðra reikninga o.s.frv. Maður þarf virkilega að vera tilbúinn til að flytja frá foreldrum sínum ef maður ætlar að fara þessa leið. Annars var ég með afar góðan þjálfara sem kenndi okkur að vera okkar eigin þjálfarar og að vera sjálfstæð. Ég er mjög þakklátur fyrir það í dag.

Ég var í mjög litlum bekk, við vorum 12 sem vorum þarna með áherslu á skíðagöngu. Þrír af þeim hafa síðan keppt í heimsbikarkeppninni fyrir Noreg og átta hafa klárað, eða eru alveg að klára, mastersgráðu. Skólinn reyndist okkur því mjög vel. Mörg okkar hittast enn reglulega, við höfum farið saman í fótboltaferðir, farið saman til Frakklands að horfa á Tour de France, farið í fjallaskíðaferðir saman o.fl. Ég eignaðist vini fyrir lífstíð í þessum skóla.

En hvenær gerðist þú svo þjálfari sjálfur?

Ég byrjaði sem þjálfari eða aðstoðarþjálfari fyrir félagið IL Varden-Meråker þegar ég var á síðasta ári í menntaskólanum. Lærifaðir minn þar var Ola Márten Iversen sem í dag er yfirþjálfari norska kvennalandsliðsins og var þar á undan yfirþjálfari sænska kvennalandsliðsins. Ég hef síðan sótt þjálfaranámskeið á vegum norska skíðasambandsins og er nú kominn með hæstu menntun sem hægt er að fá þar. Ég var svo fluttur til Oslo og farinn að þjálfa hjá Kjelsås skíðafélaginu áður en ég kom hingað til Ísafjarðar.

Einhver veltir því sjálf sagt fyrir sér hvers vegna vel menntaður þjálfari ákveður að fara frá Noregi til Íslands að þjálfa. Staðreyndin er sú að undanfarin ár hefur SFÍ lagt mikið upp úr því að fá til sín erlenda þjálfara, sem koma með nýja þekkingu og ný viðhorf inn í íþróttina. Norski skíðagöngu- maðurinn Petter Skinstad, sem hefur m.a. verið sigursæll í Fossavatnsgöngunni og er mikill Ísafjarðarvinur, gekk í það sl. vetur að aðstoða félagið við að fá góðan þjálfara frá Noregi. Og það var Tormod sem beit á agnið.

Já, þetta var nú bara tilviljun. Ég þekki Petter Skinstad og hann kom að máli við mig mig eftir mót í Noregi snemma árs í fyrra. Hann hafði fengið tölvupóst frá Bobba í Craft Sport um að það vantaði þjálfara hér á Ísafirði fyrir næsta tímabil, sem sagt 2018-2019. Ég sendi þá nafnið mitt og símanúmer til Bobba. Í framhaldinu fékk ég skilaboð á Facebook frá Hólmsfríði Völu (Svavarsdóttur, þáverandi formanni SFÍ- innskot blm.) með nánari upplýsingum um starfið. Mér var síðan boðið að koma í heimsókn til Ísafjarðar síðasta vor, kynna mér aðstæður og fylgjast með Fossavatnsgöngunni. Fljótlega eftir það ákvað ég að taka tilboðinu og flytja til Íslands. Mér fannst þetta vera góð tímasetning til að prófa eitthvað nýtt í skíðagöngunni. Eins og ég sagði áðan þá var ég að vinna sem þjálfari fyrir Kjelsås skíðafélagið og



Tormod leggur línurnar æfingum 12+ hópsins. Fv. Anna María, Gigja, Unnur Guðfinna, Linda Rós, Hildur Karen, Grétar Smári og Albert Marzellíus.



Góður dagur í sporinu. Tormod ásamt Hólmfríði Völu.

Því ekki að reyna að byggja eitthvað upp sjálfur, annar staðar í heiminum? Reyndar er það svo að við vorum fjórir þjálfara saman hjá Kjelsås sem allir fórum að prófa aðra og spennandi hluti. Einn er orðinn landsliðsþjálfari í Kína og stjórnar undirbúningi þeirra fyrir Ólympíuleikana 2022. Annar er landsliðsþjálfari Kanada, sá þriðji er unglíngalandsliðsþjálfari í Noregi og svo kom ég hingað til Ísafjarðar.

Hvað kom þér mest á óvart á Ísafirði?

Vindurinn !! (hlær). Við höfum samt aldrei gefist upp fyrir

vindinum. Ég hef svo sem þurft að breyta æfingum út af veðrinu, t.d. hjólaskíðaæfingum þegar það var snjór eða ís á vegunum, breyta skíðaæfingum út af rigningu og snjóleysi o.þ.h. en höfum aldrei breytt áætlununum út af vindi. Heima í Halsá og Surnadal er veðrið reyndar mjög líkt því sem er hér á Ísafirði, bara miklu minni vindur.

Annað sem hefur komið mér ánægjulega á óvart er hversu margir bjóða mér í kvöldmat. Ég hef varla borðað kvöldmat heima hjá mér síðan í janúar. Fólkíð hér er alltaf að athuga hvernig ég hef það og er mjög gott við mig. Þetta er allt öðruvísi en þar sem ég var í Noregi.

Hver er stærsti munurinn á því að þjálfra íslenska og norska krakka og unglíng?

Góð spurning. Ég held að almennt séð gangi norskir krakkar meira á skíðum en þeir íslensku. Í Noregi byrja þau að leika sér á skíðunum strax í leikskóla. Svo fara fjölskyldur mikið saman á skíði, þannig að grunn kunnáttan og tæknin verður þess vegna betri. Norskir krakkar fara líka meira á skíði utan æfinga. Stundum með foreldrunum, stundum alein eða með öðrum krökkum. Hér á Íslandi er það meira þannig að krakkarnir ganga fyrst og fremst á skíðum á æfingum hjá félaginu sínu, en í Noregi fara þau líka sjálf á skíði, bara sér til

skemmtunar. Þetta er einhvern veginn meira í menningunni þar. Á móti kemur kannski að íslenskir krakkar eru oft að æfa fleiri íþróttir.

Að öðru leyti eru íslenskir krakkar ekki svo ólíkir þeim norsku. Í báðum löndum hafa þau gaman af því að spila Fortnite, þau hlusta á sömu tónlistina og horfa á það sama á Youtube og í sjónvarpinu þannig að það er ekki svo mikill munur.

Meðfram starfinu hjá SFÍ hefur Tormod einnig komið svolítið að þjálfun hjá íþróttaskóla HSV og verið hlaupahópnum Riddurum Rósu innan handar. Hvernig hefur honum líkað það?

Það er virkilega skemmtilegt að fá að prófa svona fjölbreytta hluti, enda er það þetta sem ég vil vinna við. Ég er samt óneitanlega mest á heimavelli í starfinu mínu fyrir SFÍ. Þar er ég að nýta menntunina mína best, en þetta er allt saman mjög skemmtilegt.

Tormod hefur, nánast frá fyrsta degi, viljað hafa öll samskipti sem mest á íslensku. En hvernig lærði hann tungumálið?

Margir af skíðakrökkunum eru mjög góðir í ensku og hafa notað hana til að kenna mér. Við notum Facebook mikið til að eiga samskipti, t.d. varðandi æfingar og aðrar tilkynningar og ég hef varið miklum tíma í að skrifa allt slíkt á íslensku. Það er líka krakkar í félaginu sem kunna norsku eins og



Það er ýmislegt fleira en bara að þjálfa sem Tormod þarf að taka sér fyrir hendur. Hér er hann að elda fyrir 12+ hópinn á bikarmóti í Reykjavík.

Albert (Jónsson) og Sólveig (Aspelund) og ég hef stundum getað spurt þau hvernig eigi að segja hlutina á íslensku. Svo hefur Google Translate náttúrulega hjálpað mjög mikið! Annars hef ég bara verið óhræddur við að tala íslensku, þannig að mér fer örlítið fram á hverjum degi.

Ertu með einhver markmið sem þjálfari eða skíðamaður?

Svona þegar ég fer á stærra svið en hér á Íslandi myndi mig langa að starfa með „regionlag“, sem eru eins konar úrvalslið svæðanna eða héraðanna í Noregi. Svo væri mjög gaman að fá vinnu í skíðamenntaskóla. Ég lít svo á að Ísafjörður og SFÍ séu einn hluti af leiðinni þangað. Hér lærir maður



Fyrsta sæti á bikarmóti á Ólafsfirði. Fv. Pétur Tryggvi, Tormod og Arnar Ólafsson.

mjög mikið, allt frá því að ná tókum á öðru tungumáli yfir í þjálfunina sjálfa. Hér þarf ég að vera einhvern veginn miklu meira sjálfbjarga en ef ég væri þjálfari hjá félagi í Noregi. Ég þarf að vinna út frá mínum eigin hugmyndum og fylgjast með hvernig það gengur.

Veistu hvort þú verðir hérna aftur næsta vetur?

Hlátur. Ég hef alla vega ekki enn fengið tilboð annars staðar frá, svo af hverju ekki? Það sem er svo erfitt við að vera skíðagönguþjálfari er að maður veit ekki fyrr en í apríl eða maí hvort einhverjar stöður losni, ef maður er að horfa til Noregs. Það er mikið um eins árs samninga sem renna út á vorin. Svo, aldrei að segja aldrei, en ég hugsa bara af hverju ekki að vinna meira með það sem ég byrjaði á núna í vetur?



Verður ekki alltaf skref niður að fara að þjálfa einhverja aðra en okkur?

Það verður örugglega skref niður á við varðandi sigurhlutfall á mótum. Krakkarnir í SFÍ eru mjög sigursælir, hafa mikinn sigurvilja og verða stundum svolítið pirraðir ef þeim tekst ekki að sigra. Það er eitt af því sem er kannski svolítið öðruvísi hér en í Noregi. Þar er ekki alltaf einblínt á í hvaða sæti þú lendir, norsku krakkarnir eru oft glaðir ef þeir ná bara að stytta bilið á milli sín og sigurvegaranna á milli móta. Þannig að jú, það yrði örugglega skref niður á við varðandi úrslit og verðlaun. Svo líka varðandi þetta andrúmsloft sem ég nefndi áðan. Í Noregi væru ekki jafn margir að spyrja hvernig gengur, hvernig ég hafi það, hvort ég vilji ekki koma í mat og svoleiðis. Hér eru svo margir sem eru ekki bara að spá í vinnuna mína heldur líka hvernig mér líður. Svo jú, það yrði skref niður á við í þeim efnum líka.



Samhliða almennri þjálfun hjá SFÍ hefur Tormod verið einn af þjálfurum á „Bara ég og stelpurnar“ skíðagöngunámskeiðunum.

SKÍÐASKÁLINN TUNGUDAL GISTING



Skíðaskálinn í Tungudal er tilvalinn fyrir fjölskyldu-samkomur, ættarmót eða ferðahópa sem vilja eiga góðar stundir í rólegu og notalegu umhverfi.

- Gistirými fyrir allt að 12 manns í uppabúnum rúmum (4 tveggja manna herb. og 1 fjögurra manna herb.)
- Allt að 20 dýnur fyrir svefnpokagistingu
- Salur skálans tekur allt að 100 manns í sæti
- Fullbúið eldhús

Nánari upplýsingar í síma 865 5713 eða á hafraholt32@simnet.is




Vélsmiðjan-Mjólnir ehf.
S. 456 7478



Vélsmiðja ÞM.
S. 456 3349



HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



UMÍ ÍSAFIRÐI

24.-26. MARS 2018

UNGLINGAMEISTARAMÓT ÍSLANDS

UNGLINGAMEISTARAMÓT
ÍSLANDS FÓR FRAM Á ÍSAFIRÐI
24.-26. MARS 2018 VIÐ GÓÐAN
ORÐSTÍR. KEPPT VAR Í
ALPAGREINUM OG SKÍÐAGÖNGU



Velkomin á Skíðavíku

Opnun Lyfju um páskana:

Skírdagur, föstudagurinn langi,
páskadagur og annar í páskum lokað
Laugardagurinn 20. apríl 10-14



Sími: 450 7900 Fax: 456 7447 jon@endvest.is
Sími: 450 7910 Fax: 450 7919 guðmundur@endvest.is

NÝBÖKUÐ BRAUÐ OG KÖKUR



Opnunartími:

Virka daga	kl. 07 – 18
Skírdag	kl. 07 – 17
Föstudaginn langa	kl. 08 – 17
Laugardag	kl. 07 – 17
Páskadag	kl. 08 – 17
Annan í páskum	kl. 08 – 17

Velkomin á
Skíðavíku

Gamla bakaríið




Adalstræti 24 • Sími 456 3226 GAMALT EN SÍUNGT



Sími: 456 6600 | www.vverk.is



sími 895 7152



SJÓVÁ

VIÐTÖL VIÐ ÆFINGAKRAKKA



SIGURÐUR JARLSSON

Aldur? Ég þarf nú að hugsa ... ég er 68 ára.
Hversu lengi hefurðu æft skíði? 1-2 vetur.
Hvernig skíði áttu? Völkl.
Æfirðu aðrar íþróttir? Ég æfi þrek aðeins.
Uppáhalds matur? Segjum lambakjöt.
Uppáhalds íþróttamaður? Birna.



UNNUR HAFDÍS ARNÞÓRSDÓTTIR

Aldur? Ég er að verða 12.
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? 5 ára.
Hvernig skíði áttu? Atomic, held ég.
Æfirðu aðrar íþróttir? Fótbolta.
Uppáhalds matur? Píta.
Uppáhalds íþróttamaður? Ég veit það ekki.



NATALÍA GUÐNÝ GUÐBJARTSDÓTTIR

Aldur? 14 að verða 15.
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Síðan ég var í öðrum bekk held ég.
Hvernig skíði áttu? Völkl svigskíði og Rossignol stórsvigskíði.
Æfirðu aðrar íþróttir? Ekki núna... semsagt nei.
Uppáhalds matur? Pizza.
Uppáhalds íþróttamaður? Veit maður um einhverja sveiðis?



SYLVÍA RÓS HERMANNS OG HRAFNHILDARDÓTTIR

Aldur? 7 að verða 8.
Hversu lengi hefur þú æft bretti? 1 vetur.
Hvernig bretti áttu? Burton.
Æfirðu aðrar íþróttir? Já. Sund, fimleika og er í tónlistarskólanum.
Uppáhalds matur? Skinku pasta í skólanum.
Uppáhalds íþróttamaður? Íþróttálfurinn.



SIGURGEIR GUÐMUNDUR ELVARSSON

Aldur? 11.
Hversu lengi hefur þú æft bretti? 2 vetur.
Hvernig bretti áttu? Burton.
Æfirðu aðrar íþróttir? Sund.
Uppáhalds matur? Tortilla.
Uppáhalds íþróttamaður? Ég?



GUNNAR EGILL GUNNARSSON

Aldur? 12.
Hversu lengi hefur þú æft bretti? 2 vetur.
Hvernig bretti áttu? Head.
Æfirðu aðrar íþróttir? Já, sund.
Uppáhalds matur? Hamborgari.
Uppáhalds íþróttamaður? Ég.




TORMOD SKJERVE VATTEN

Aldur? Aðeins eldri en allir hinir.
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Frá klukkan 5.
Hvernig skíði áttu? Gönguskíði og fjallaskíði.
Æfirðu aðrar íþróttir? Já dans.
Uppáhalds matur? Kvikk Lunsj.
Uppáhalds íþróttamaður? Gummi.




ELÍNBOG BIRNA VIGNISDÓTTIR

Aldur? 7 ára.
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Ég fór fyrst á skíði 19 mánaða og hef ekki hætt síðan.
Hvernig skíði áttu? Fisher.
Æfirðu aðrar íþróttir? Körfubolta og sund.
Uppáhalds matur? Hamborgari og pizzurnar á Mömmu Nínu.
Uppáhalds íþróttamaður? Bræður mínir þeir Friðrik Heiðar og Jón Haukur.



MATTHÍAS KRISTJÁN MAGNASON

Aldur? 7 ára.
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Síðan í janúar.
Hvernig skíði áttu? Gönguskíði og svigskíði.
Æfirðu aðrar íþróttir? Nei.
Uppáhalds matur? Pylsur.
Uppáhalds íþróttamaður? Ég veit ekkert hver það gæti verið.



GRÉTAR SMÁRI SAMÚELSSON

Aldur? 12 ára.
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Þegar ég var 7 ára.
Hvernig skíði áttu? Fischer.
Æfirðu aðrar íþróttir? Nei.
Uppáhalds matur? Milljón dollara spaghetti.
Uppáhalds íþróttamaður? Johannes H. Klæbo.




MATTHÍAS ÖRN EINARSSON

Aldur? 8 ára.
Hversu lengi hefurðu æft skíði? Í 1 ár.
Hvernig skíði áttu? Fischer crown.
Æfirðu aðrar íþróttir? Sund.
Uppáhalds matur? Pizza, pasta og fiskibollur.
Uppáhalds íþróttamaður? Enginn sérstakur.



UNNUR GUÐFINNA DANÍELSDÓTTIR

Aldur? 12 ára.
Hvenær byrjaðirðu að æfa skíði? Hef verið á skíðum síðan ég var 17 mánaða.
Hvernig skíði áttu? Fischer Speed Max.
Æfirðu aðrar íþróttir? Nei.
Uppáhalds matur? Kjúklingasúpa.
Uppáhalds íþróttamaður? Frida Karlson.



Með Gullfossi til Ísafjarðar


Skíðaferðir til Ísafjarðar með m.s. Gullfossi vöktu athygli fjölmiðla

*M.s. „Gullfoss“ fer með skíða- og skemmtiferðafólk á skíðavíkuna á Ísafirði um páskana. Fer skipið frá Reykjavík miðvikudaginn 2. apríl að kveldi og stendur við á Ísafirði til 7. apríl. Kemur skipið aftur til Reykjavíkur 8. apríl. Meðan skipið stendur við á Ísafirði verður það hótél fyrir farþegana, þeir búa um borð og fá þar mat. Allt er þetta innifalið í fargjaldi.*¹

Svo hljóðaði auglýsing í dagblaðinu Vísi föstudaginn 24. janúar 1969 en með skíðaferðinni ætlaði Eimskipafélag Íslands að auka fjölbreytni í starfsemi félagsins og gefa fólki færi á að ferðast með Gullfossi innanlands.

Þrátt fyrir að páskaeveðrið væri ekki eins og best verður á kosið þetta árið, þótti þessi fyrsta skíða- og skemmtiferð með Gullfossi til Ísafjarðar, heppnast einstaklega vel. Svo vel var af ferðinni látið að ákveðið var að blása til annarrar ferðar á skíðavíku Ísfirðinga árið eftir. Skíðagestir gistu flestir um borð í Gullfossi, borðuðu þar og nutu afþreyingar á kvöldin. Á daginn voru þeir svo fluttir upp á skíðasvæði á bílum.

Ísfirðingar sjálfir voru ánægðir með uppátæki Eimskipafélagsins, stoltir af skíðalandinu á Seljalandsdal og sannfærðir um að „hin ágæta skíðalyfta“ ætti stóran þátt í hversu vel til tókst. Guðmundur Sveinsson greip tækifærið í greininni „Góðir gestir – gott skíðaland“ sem hann ritaði í Ísafirðing 15. desember 1969 og benti á mikilvægi þess að lagfæra veginn upp á skíðasvæðið þar sem hann væri nánast ónýtur af viðhaldsleysi.² Umræða um



Lagt af stað upp í skíðalyftunni.

Úr Morgunblaðinu 22. apríl 1970

innviðaupbyggingu vegna ferðamannastraums er því ekki ný af nálinni!

Ári seinna, 1970, voru tvær skíða- og skemmtiferðir farnar til Ísafjarðar með Gullfossi. Eimskipafélag Íslands birti auglýsingu í Tímanum þann 8. febrúar 1970 þar sem auglýst var páskaferð fyrir fjölskylduna með Gullfossi til Ísafjarðar.

Um borð í Gullfossi verða kvöldvökur, dans og fleira til skemmtunar, sérstakur hátíðarmatur verður á bordum. Farþegar búa í skipinu allan tímann. Skíðakennari er með í ferðinni til leiðbeiningar farþegum og sérstakur bíll verður til flutninga á farþegum upp í skíðalandið. Dragið ekki að panta farmiða. Verð frá kr. 5.500 ... , fæði og þjónustugjaldi innifalið.³

Fullbókað var í ferðina, 220 manns

og af þeim bjuggu 170 um borð í skipinu meðan á dvöl þess stóð. Aðrir dvöldu á einkaheimilum.⁴ Þessi ferð, líkt og ferðin árið á undan, þótti heppnast með ágætum þótt veðrið hafi ekki leikið við gesti allan tímann. Skipafélagið flutti með sér tvo stóra bíla vestur sem ferja áttu skíðafólk frá skipinu upp á Seljalandsdal og til baka. Voru reglulegar ferðir fram og til baka alla daga. Einnig voru tveir snjósleðar með í för. Ekki nýttust þeir þó sem skyldi því annar fór í sjóinn á milli skips og bryggju en hinn bilaði uppi á skíðasvæði.⁵

Nokkuð var fjallað um skíðaferðina til Ísafjarðar í landsmálablöðunum þetta vorið enda nýbreytni í ferðaflóru landsmanna. Tíminn birti allitarlega frásögn af páskaferðinni í mars.

Fyrsta deginum vörðu flestir farþegar Gullfoss til skíðaferða og

Páskaferð

Með Gullfossi til Ísafjarðar Ferð fyrir fjölskylduna

Njótið hvíldar skemmtunar og hressingar á eigin heimili um páskana



Þessi vinsæla ferð hefst 25. marz í Reykjavík — komið til baka 31. marz —. Um borð í Gullfossi verða kvöldvökur, dans og fleira til skemmtunar, sérstakur hátíðarmatur verður á borðum. Farþegar búa í skipinu allan tímann.

Skíðakennari er með í ferðinni til leiðbeiningar farþegum og sérstakur bíll verður til flutnings á farþegum upp í skíðalandið. Dragið ekki að panta farmíða. Verð frá kr. 5.500,00, fæði og þjónustugjald innifalið.



Allar nánari upplýsingar veitir: FARÞEGAEILD EIMSKIPS, Sími 21460

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Auglýsing í Tímanum, 8. febrúar 1970.

var mikil þröng við skíðalyftuna, en hún liggur frá Skíðheimum og upp á Gullhól. Góðar tekjur hafa orðið af lyftunni og er nú í ráði að koma upp nýrri lyftu frá Gullhól upp á Eyrarfjall. Seljalandsdalur er hið ákjósanlegasta skíðaland, með bæði bröttum og aflíðandi brekkum, og þegar komið er upp á Gullhól tekur við víðlent svæði fyrir göngumenn, en ef fjöll eru klifin blasir við útsýni til næstu fjarða.⁶

Í grein Morgunblaðsins „Með Gullfossi til Ísafjarðar“ sem birtist þann 22. apríl 1970, þótti ástæða til að nefna hina miklu skíðalyftu sem staðsett er á Seljalandsdal, 1250 metrar að lengd og hæðarmunur 200 metrar: „Við erum stoltastir af skíðalyftunni af öllum framkvæmdum hér,“ sögðu forráðamenn skíðamála á Ísafirði.⁷

Eins og fyrr segir var veðrið með duttlunga þessa páska líkt og árið áður, var m.a. ófært upp á

Seljalandsdal á páskadag. Margir úr hópi skíðamanna létu það ekki aftra sér heldur leituðu upp í brekkur í nágrenni kaupstaðarins og þar sem engar voru lyfturnar til að flytja þá upp, þrömmuðu þeir upp brekkurnar. Svo mikil var ófærðin að fresta varð dansleik í Hnífsdal sem hefjast átti eftir miðnætti á páskadag. Á annan í páskum brast á með blíðu og gátu skíðamenn notið dagsins á Seljalandsdal. Gullfoss lagði af stað með skíðagesti til Reykjavíkur kl. 23 um kvöldið en „... hinir glaðlyndu og hjálpsömu bæjarbúar kvöddu gesti sína með því að fjölmenna á bryggju á bifreiðum með fullum ljósum og þeyta flautur í ákafa, en farþegar þökkudu gestristni með fagnadarópum til heimamanna.“⁸

Morgunblaðið spjallaði við nokkra gesti sem tóku sér ferð á hendur vestur með Gullfossi páskana 1970. Einn þeirra var Jón H. Bergs forstjóri sem bar Ísfirðingum vel

söguna. Fór hann m.a. á tónleika Sunnkórsins í kirkjunni á föstudaginn langa og urðu þeir honum ógleymanlegir. Aðrir viðmælendur tóku í sama streng, veðrið, skíðasvæðið, aðbúnaður um borð í Gullfossi og móttökur heimamanna voru eins og best verður á kosið.⁹ Viðmælendur Morgunblaðsins nutu sumir hverjir leiðsagnar skíðakennarans, Gunnlaugs Sigurðssonar, sem var með í för.

Síðari ferð Gullfoss til Ísafjarðar var farin 15. apríl. Hún var ekki auglýst sem fjölskylduferð heldur skemmtisigling með skíðafólk til Ísafjarðar. Sama fyrirkomulag var þó á ferðinni, skíðakennari með í för sem leiðbeindi eftir þörfum, farþegar bjuggu um borð í skipinu, neyttu þar allra máltíða og boðið var upp á kvöldvökur, dans og skemmtanir. Tónlistarmaðurinn Sigurður R. Jónsson, eini „hippiinn“ um borð, sá um tónlistarflutning og spilaði hann bæði á rafmagnsorgel, sítar og fiðlu.¹⁰

Ýmsir farþeganna í þessari ferð ætluðu sér ekki á skíði heldur ganga um nágrenni Ísafjarðar-kaupstaðar á meðan á dvölinni stóð.¹¹ Leiða má að því líkur að síðari ferðin hafi að einhverju leyti verið hugsuð sem kynningarferð því að í henni voru fréttamenn frá blöðum, útvarpi og sjónvarpi ásamt mökum.¹² Alþýðublaðið fjallaði ítarlega um ferðina bæði með greinarskrifum og ljósmyndum þann 22. apríl og var framsetningin hin jákvæðasta. Voru aðstandendur ferðarinnar og heimamenn lofaðir í hástert. Að mati Alþýðublaðsins gat veðrið á ferðunum ekki talist hátt, þar sem gisting, fullt fæði, afþreying og akstur á skíðasvæðið var allt innifalið.¹³

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar lýsti einnig yfir ánægju sinni með heimsóknir Gullfoss til bæjarins eða eins og segir í Alþýðublaðinu:

Mikill hugur er í Ísfirðingum að rjúfa einangrun staðarins og gera hann aðlaðandi fyrir ferðamenn, jafnt sumar sem vetur. ... Allar líkur benda til að Gullfoss fari í framtíðinni tvær til þrjár ferðir á vetri til Ísafjarðar, og er ekki að efa að þær muni hafa mikið aðdráttarafl, þegar almenningi



Það var margt um manninn á Seljalandsdal góðviðrisdagana um páskana. Til þess að farþegarnir með Gullfossi þyrftu ekki að fara um borð til þess að borða flutti Eimskip matinn í skíðalandið, öllum til himnar mestu á nægju.

Úr Morgunblaðinu 2. apríl 1970.

verður orðið ljóst hvað í boði er.¹⁴

Í blaðinu Vesturlandi var litið á skíðaferðirnar sem ástæðu til uppbyggingar. „Það er því mikið verkefni framundan hjá Ísfirðingum að búa það vel í haginn til móttöku gesta, að það verði enn þá eftirsóttara að sækja Ísafjörð heim.“¹⁵

Já, bjartsýnin var ríkjandi árið 1970 um uppbyggingu ferðaþjónustu í Ísafjarðarkaupstað í tengslum við skíðaferðir Eimskipafélagsins. Bæjarstjórnin áætlaði um vorið að veita 750 þúsund krónum næstu þrjú árin til að endurnýja veginn upp á Seljalandsdal en hún hafði verið gagnrýnd fyrir leggja litið til iðkunar skíðaíþróttarinnar í bænum fyrir utan lítinn styrk til uppsetningar skíðalyftunnar. Í Skutli þann 1. maí 1970 var m.a. talin ástæða til að benda á að til samanburðar hafi Akureyrarbær lagt fram milljónir til skíðamála í bænum.¹⁶

Næstu tvö ár fór Gullfoss í skíðaferðir um páska til Ísafjarðar. Um páskana 1971 komust færri að en vildu. Var ferðin með sama sniði og árin á undan, þátttakendur gistu um borð, neyttu þar matar og haldnar voru kvöldvökur.¹⁷ Fréttir sem bárust af páskavikunni á Ísafirði í landsmálablöðum það árið voru hins vegar ekki eins jákvæðar og árin tvö á undan. Mikið var drukkið og slegist á Ísafirði þessa

skíðavíkuna samkvæmt dagblaðinu Vísi, fjölmenni var í bænum, veður ekki gott til skíðaiðkna og því dansað í hverju húsi. Þrátt fyrir fyllirisslagsmál, blóðnasir og skrámur urðu ekki alvarleg meiðsl á fólki en vildi lögregla taka fram við blaðamann Vísis að þeir Reykvíkingar sem komið hefðu með Gullfossi hefðu sýnt fyrirmyndahegðun.¹⁸

Þessi frétt virðist hafa farið fyrir brjóstið á sumum bæjarbúum því að í Vesturlandi þykir ástæða til að taka fram þann 16. apríl að fréttin í Vísi hafi ekki að öllu leyti verið rétt og auk þess færð í stílinn. Einungis hafi verið dansað á einum stað, ekki í hverju húsi. Hafi sá dansleikur farið vel fram og voru farþegar með Gullfossi m.a. hafðir fyrir því.¹⁹

Breytingar urðu á fyrirkomulagi páskaferðanna árið 1972 en það ár var Skíðamót Íslands haldið á Ísafirði. Gullfoss kom með 250 farþega til bæjarins. Af þeim fóru 30 frá borði. Skipið stoppaði í tvo daga og fór svo til Akureyrar, dvaldi þar í þrjú daga og sneri síðan aftur til Ísafjarðar. Samkvæmt frétt í Tímanum þann 29. mars var að mestu sama fólkíð í þessari ferð og árin á undan enda nutu ferðirnar mikilla vinsælda meðal fjölskyldna sem sumar hverjar tóku bílana sína með og óku um nágrenni Ísafjarðar og Akureyrar á meðan á dvöl í bæjunum stóð. Dagskrá kvöldvakanna um borð var poppuð

upp það árið og diskótek sett upp á öðru farrými fyrir unga fólkíð.²⁰

Enn og aftur var auglýst páskaferð til Ísafjarðar í mars árið 1973²¹ en ekki fór jafn mikið fyrir henni í fjölmíðlum landsins og fyrri ferðum og því ekki ljóst hvernig til tókst. Í ágúst sama ár var Gullfoss auglýstur til sölu þar sem ekki var talinn grundvöllur lengur fyrir rekstri skipsins nema rétt yfir 1-2 mánuði á sumri, vegna „geysilegra kostnaðarhækkana innan lands og utan.“²² Í október sama ár var skipið svo selt til Líbanon. Þar með voru úr sögunni skíða- og skemmtiferðir til Ísafjarðar með Gullfossi. Nokkrum áratugum seinna var farið að bjóða upp á skíða- og skemmtiferðir til Ísafjarðar og þá á vegum heimamanna, með annars konar gistimöguleikum, afþreyingu og ferðamöguleikum en sú saga verður hins vegar ekki sögð hér.

Andrea S. Harðardóttir

Heimildir

- ¹ „Páskaferð m.s. „Gullfoss“ á skíðavíkuna á Ísafirði“ 24. janúar, 1969. Vísir
- ² „Góðir gestir – gott skíðaland“ 15. desember, 1969. Ísfirðingur
- ³ „Páskaferð“ 8. febrúar, 1970. Tíminn
- ⁴ „Skemmtileg skíðaferð til Ísafjarðar“ 2. apríl, 1970. Morgunblaðið
- ⁵ „Ánægjuleg skíðaferð til Ísafjarðar um páskana“ 1. apríl, 1970. Tíminn
- ⁶ „Ánægjuleg skíðaferð til Ísafjarðar um páskana“ 1. apríl, 1970. Tíminn
- ⁷ „Með Gullfossi til Ísafjarðar“ 22. apríl, 1970. Morgunblaðið
- ⁸ „Ánægjuleg skíðaferð til Ísafjarðar um páskana“ 1. apríl, 1970. Tíminn
- ⁹ „Ánægjuleg skíðaferð til Ísafjarðar um páskana“ 1. apríl, 1970. Tíminn
- ¹⁰ „Með góðu fólki í Gullfossferð“ 22. apríl, 1970. Alþýðublaðið
- ¹¹ „Með góðu fólki í Gullfossferð“ 22. apríl, 1970. Alþýðublaðið
- ¹² „Með góðu fólki í Gullfossferð“ 22. apríl, 1970. Alþýðublaðið
- ¹³ „Með góðu fólki í Gullfossferð“ 22. apríl, 1970. Alþýðublaðið
- ¹⁴ „Með góðu fólki í Gullfossferð“ 22. apríl, 1970. Alþýðublaðið
- ¹⁵ „Skíðaferð Gullfoss“ 17. apríl, 1970. Vesturland
- ¹⁶ „Hugleiðingar um bæjarmálin“ 1. maí, 1970. Skutull
- ¹⁷ „Hundrað Reykvíkinga fara úr borginni yfir páskana“ 7. apríl, 1971. Þjóðviljinn
- ¹⁸ „Mikið drukkið og slegist á Ísafirði“ 13. apríl, 1971. Vísir
- ¹⁹ „Hæpnar blaðagreinar og almenningsálit.“ 16. apríl, 1971. Vesturland
- ²⁰ „Margir taka bílana með sér í Gullfossferð“ 29. mars, 1972. Tíminn
- ²¹ „Skemmtiferðir m/s Gullfoss sumarið 1973“ 4. mars, 1973. Morgunblaðið
- ²² „Gullfoss auglýstur til sölu“ 23. ágúst, 1973. Morgunblaðið

Skíðakrossgátan

Krossgátugerð: Bragi V. Bergmann, bragi@fremri.is

Lausn, reitir 1-31: Málsháttur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	
				Greifl- adi	2 Ein- sóngs- lag	Hæfi- leg	Til Dvalur	Lærði	Hraða Temja		1	13	
				→					6	↓		V 14	
				Stig Fræri		13							15
				Sjáum			18	V			↓		16
BB ↓	Afmarkað svæði	Ett ölyfjan	Lit- band	Óþaf Smettið				Mennta- gráða Ílát				V 17	
			10			Liffæra Kveður		5			V	18	
Hávaði Stakir	↓ →	9			Ógurles Kven- dýrið						3	V 19	
Hvili Ófga- kennum			Alltæsk Gróður Ítafli				4 Keyra Trjáa	15				20	
			14 Óflast Syngjum		28	Ílát Vada					Hljóp Hvað?	V 21	
Ellegar		Úldið Ríki í USA		12	Óp Niður- fallið						11	22	
	19		Subbar Eða			16					7	23	
Reyfið Tunna				20 Tylla Safna Saman					Óþekkt Ásókn			24	
	24		Agjöf Svignar	V		Att Viður		31 Fljótið Ofan- koma				25	
Maðkur	↓ →						→		17	↓	V 8	26	
Hlassið Marr			25	Hagnað Fall		26	Gera máttlaust Hundsga					V 27	
	23		Pása Hvílda				Tíndi		Hvorki... Spil		For- faðir	28	
Hug- Prúða		Líkams- hluta Athuga		29	Fjar		22					29	
	21				Blökk							30	
Þverslár Til himins		30			Vinni					27		31	

Lausnarorðin, til hægri frá mynd: *Gaman í brekkunni, neðan við mynd: Á skíðum skemmti ég mér* Lausn í töluasettum reitum 1-13, málshátturinn *Hyggjinn heyrir margt en hermir færri*



ALLTAF NÝBAKAÐ Í NETTÓ

- Glæsilegt úrval af girnilegu bakkelsi -
Nettó Ísafirði, Hafnarstræti 9. Opíð alla daga frá 10 - 19



JAKOB
VALGEIR EHF.

FYRIRTÆKJAMÓT SFÍ

3. APRÍL // BOÐGANGA 3x1 km

Miðvikudaginn 3. apríl sl. var haldið árlegt skyrktarmót á gönguskíðum þar sem fyrirtæki í bænum öttu kappi í sporinu. Mótið er styrktarmót fyrir þá iðkendur SFÍ sem fara á Andrésar andarleikana á Akureyri. Alls mætti 31 sveit til leiks, sem gerir þá 93 skíðagöngumenn. Foreldrar skíðabarna þakka kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.

Leikreglur í svona keppni eru afskaplega einfaldar, bannað er að skauta en leyfilegt að ýta sér, bannað er að vera fúll og leiður en krafa gerð um hressleika og gleði.

Eins og í öllum keppnum voru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin auk ótal útdráttarverðlauna. Kæru voru lagðar inn, sumum fylgt eftir en öðrum minna. Í fyrsta sæti lenti sveit Borea Adventures, í öðru sveit Hótel Ísafjarðar og í þriðja sveit VÍS. Reyndar leikur vafi á því hvort úrslitin séu rétt en þar sem gleðin var svo mikil þá var enginn að kippa sér upp við það. Hirðljósmyndari SFÍ var að sjálfsgöðu á staðnum deilir hér gleðinni með okkur.





Rækjuvinnsla

www.kampi.is

Kampi ehf | Sindragata 1 | 400 Ísaförður

PÁSKAOPNUN

SUNDSTAÐA Í ÍSAFJARÐARBÆ

DAGSETNING	ÍSAFJÖRÐUR	SUÐUREYRI	FLATEYRI	ÞINGEYRI
Mán. 15. apríl	7.00 - 21.00	LOKAÐ	LOKAÐ	8.00 - 12.00 14.00 - 21.00
Þri. 16. apríl	7.00 - 21.00	13.00 - 19.00	13.00 - 19.00	8.00 - 12.00 14.00 - 21.00
Mið. 17. apríl	7.00 - 21.00	13.00 - 19.00	13.00 - 19.00	8.00 - 12.00 14.00 - 21.00
Fim. 18. apríl	10.00 - 18.00	13.00 - 19.00	13.00 - 19.00	10.00 - 18.00
Fös. 19. apríl	10.00 - 18.00	13.00 - 19.00	13.00 - 19.00	10.00 - 18.00
Lau. 20. apríl	10.00 - 18.00	11.00 - 17.00	13.00 - 19.00	10.00 - 18.00
Sun. 21. apríl	10.00 - 15.00	11.00 - 17.00	11.00 - 16.00	12.00 - 18.00
Mán. 22. apríl	10.00 - 15.00	LOKAÐ	LOKAÐ	12.00 - 18.00


Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
450 8000 | postur@isafjordur.is



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

Klæðakot

Dásamlegi ullarfatnaðurinn frá Joha
á öll börn á aldrinum 0-109 ára



Aðalstræti 27 | 456 5668 | www.Klaedakot.is

SKÍÐANESTI

FÉLAGA Í SKÍÐAFÉLAGI ÍSFIRÐINGA



RÓSMARÍN HNETUBLANDA

- 600 gr ósaltaðar hnetur og möndlur (t.d. pekanhnetur, kasjúhnetur, brasilíuhnetur og möndlur)
- 3 msk ferskt rósmarín, smátt saxað
- ½ - ¾ tsk cayenne pipar (eftir smekk)
- 3 tsk dökkur púðursykur eða dökkur hrásykur
- 3 tsk maldon salt
- 3 msk smjör brætt

Aðferð:

Hitið ofninn í 190°C

Bræðið smjörið og saxið rósmarínið smátt

Blandið smjörinu, rósmaríni, sykrunum, saltinu og cayenne piparum vel saman

Hrærið kryddaða smjörinu saman við hnetublönduna

Dreifið úr hnetunum á bökunarplötu með smjörpappír og ristið í ofninum í ca. 10-12 mínútur, þar til þær eru orðnar gylltar á lit. Hrærið nokkrum sinnum í hnetunum á meðan þær ristast.

Takið hneturnar úr ofninum og leyfið þeim að kólna örlítið áður en þær eru settar í poka eða krukku.

PIZZUSNÚÐAR

- 1 dl mjólk
- 1 dl heitt vatn
- 3 tsk þurrger
- 1 tsk salt
- 1 egg
- 3 msk matarolíu
- 6 dl hveiti

Fylling:

- 4 dl pizzusósa
- Hálf bréf pepperóni
- Hálf bréf skinka
- 1 poki rifinn ostur

Aðferð:

Blandið saman heitu vatni og mjólk í skál. Stráið gerinu í skálina. Setjið salt, egg og matarolíu í skálina og hrærið. Blandið því næst hveitinu við og hrærið vel þannig að deigið verði seigt. Látið deigið lyfta sér á volgum stað. Fletjið út og smyrjið með pizzusósu. Stráið svo saxaðri skinku, pepperóni og rifnum osti yfir. Rúllið deiginu upp og skerið í hæfilega þykka snúða. Setjið á bökunarplötu og látið hefast í um 15 mínútur. Svo eru þeir bakaðir við 200°C í um það bil 15 mínútur.

SÝRÓPSLENGJUR

Besta skíðanestið segja þjálfarar SFÍ

- 600 gr. hveiti
- 400 gr. sykur
- 400 gr. smjör
- 4 msk sýróp (kúfaðar)
- 2 tsk kanill
- 2 tsk natron
- 1 tsk lyftiduft
- 1 egg
- Vanilludropar ca. ¼ - ½ glas

Aðferð:

Öllu hnoðað saman og skipt í 6 jafna hluta. Rúllað í lengjur og aðeins bankað á þær. Settar tvær og tvær á plötu og bakað við 180°C í 15 mínútur.



KLASSÍSKAR SÚKKULAÐIBITAKÖKUR

Sem héldu göngukrökkum glöðum áá UMÍ á Akureyri þegar veður var of vont til að keppa

- 1 bolli smjörlíki
- 1 bolli sykur
- 1 bolli púðursykur
- 2 egg
- 3 bollar hveiti
- 1 tsk matarsódi
- ½ tsk salt
- 1 bolli kókosmjöl
- 400 gr. suðusúkkulaði

Aðferð:

Smjörlíki hrært þar til það er mjúkt, síðan er sykur og púðursykur bætt í. Hrært vel saman áður en eggjum er bætt í. Þurrefnin sett saman við og að lokum er kókosmjöli og brytjuðu súkkulaði hrært saan við. Kúlur mótaðar út deiginu, allt eftir hversu stórar kökurnar eiga að vera. Settar á bökunarplötu og þrýst niður með gaffli. Bakað við meðalhita (170-180 °C) í 10-15 mínútur.



GAMANSÖGUR

Það var á Skíðamóti Íslands á Akureyri árið 1968. Boðgöngusveit Ísfirðinga skipuðu þeir Sigurður Sigurðsson (Siggi Súdda), Sigurður Gunnarsson, Gunnar Pétursson og Kristján Rafn Guðmundsson.

Siggi Súdda fór fyrsta sprett. Félagar hans höfðu sagt honum að fara bara rólega og ganga með hópnum. Þegar þeir voru lagðir af stað fannst Sigga keppinautarnir ganga of hægt svo hann dreif sig fram úr öllum. Þá gerðist það hins vegar að færið varð erfitt svo að Siggi „sprakk“ og kom lang síðastur á skiptisvæðið.

Næstur af stað í ísfirsku sveitinni var Sigurður Gunnarsson og hann náði öllum nema einum. En þegar hann kom á skiptisvæðið þar sem faðir hans, Gunnar Pétursson átti að taka við, greip hann í tómt því þar var enginn. Þegar menn fóru að grennslast fyrir kom í ljós að Gunnar var enn í skíðaskálanum að kæða sig í keppnisgallann.

Það hefur lengi verið kapp í mönnum í kringum Fossavantsgönguna. Á Netagerð Vestfjarða var það oftast en ekki markmið þeirra sem þar störfuðu að vera á undan Pétri Péturssyni frá Grænagarði. Sverrir Jóhannesson var einn af þeim en gekk ekki alltaf sem skyldi.

Í eitt skiptið stóð hann tilbúinn í startinu. Þá var klísurfæri og skíðin tréskiði, svolítið annað en nú er. En þegar Sverrir ætlaði af stað þá stóðu skíðin eftir í sporinu en bindingarnar fylgdu skónum.

STARFIÐ Í VETUR

Alpa-Skiðaveturinn 2018-2019

Strax í upphafi haustsins var búið að ganga frá ráðningu á fjórum kjarnakönnum til að sjá um þjálfun innan alpadeildar. Það voru þær Birna Jónasdóttir, Birna Sigurðardóttir, Hanna Dórey Björnsdóttir og Regina Rúnarsdóttir sem hafa séð um þjálfun í vetur.

Snjórinn lét eitthvað á sér standa en byrjað var með nokkrar sleðaæfingar og skemmtun við íþróttahúsið á Torfnesi. Það var ágætt að koma krökkunum út og

láta þau venjast því að leika sér í snjónum.

Það leið á veturinn og illa gekk að halda opnu í Tungudal en lengstan hluta janúar og febrúar var aðeins hægt að æfa í barnabrekkunni. Það var þó hægt að ferja eldri krakkana upp í Miðfellið fyrir nokkrar æfingar sem hægt var að taka í bakka 1.

Þann 8. og 9. mars var haldið með flottan hóp til Dalvíkur til að taka þátt í Jónsmótinu. Það var jafnframt í fyrsta skiptið í vetur sem

krakkarnir fóru í braut. En það gekk mjög vel, keppni fór fram í blíðaskapaveðri og allir skemmtu sér vel.

Það var síðan í lok mars að snjórinn lét loksins sjá sig og hægt var að opna allt svæðið og byrja að æfa af fullum krafti og þó fyrr hefði verið. En krakkarnir láta engan bílbug á sig fá og eru spennir fyrir Andrés og hlakka til næsta skíðavetrar sem við vonum að verði stútfullur af góðum skíðasnjó.



Hrein Grísk jógúrt

ÁN LAKTÓSA
LACTOSE-FREE

Hún er þétt, fersk og frískleg með mildu rjómakenndu bragði.
Jógúrtin inniheldur 10% fitu og hentar því vel í heita rétti,
súpur og sósar en er einnig mjög góð ein og sér.

Fáanleg í 200 g og 500 g dósum.

Fyrir matgæðinga

arna.is



FASTEIGNASALA VESTFJARÐA

Vegna mikillar sölu undan farin ár
vantar okkur allar gerðir eigna á skrá



- Þjónusta í heimabyggð
- Sjáum um sölufurlið frá byrjun
- Sjáum um að sýna eignina
- Ókeypis söluerðmat

Guðmundur Óli Tryggvason

löggiltur fasteignasali

📍 Hafnarstræti 19 📞 456 3244 ✉️ eignir@fsv.is 🌐 www.fsv.is

Íslandsbanki

440 4000

@islandsbanki



Velkomin í hópin

Við bjóðum alla velkomna í hóp
ánægðra viðskiptavina Íslandsbanka.
Skráðu þig í viðskipti á netinu, það
tekur aðeins örfáar mínútur!

**Kynntu þér málið á islandsbanki.is/velkomin
og smelltu þér í viðskipti.**



ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN